# MOSFELLINGUR

AUGLÝSING

Okkar Mosó er samráðsverkefni íbúa og bæjarins um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til framkvæmda í nærumhverfi íbúa í Mosfellsbæ

## *ÍBÚAKOSNINGIN ER HAFIN!*

# OKKAR MOSÓ

***kosning2021.mos.is***



OKKAR MOSÓ
ÍBÚAKOSNING 2021

KOSNING2021.MOS.IS

# OKKAR MOSÓ

## Íbúakosningin stendur til 6. júní

Okkar Mosó er samráðsverkefni íbúa og bæjarins um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til framkvæmda í nærumhverfi íbúa í Mosfellsbæ

KJÓSUM ÖLL!



**Körfuboltavöllur við Lágafellsskóla**
**4.500.000**
*Fullbúinn körfuboltavöllur með mottu-undirlagi og körfum við Lágafellsskóla.*



**Grillskáli við Stekkjarflöt**
**2.000.000**
*Grillskáli úr timbri við Stekkjarflöt.*



**Klifursteinn fyrir börn og fullorðna**
**10.000.000**
*Klifursteinn í Ævintýragarðinum.*



**Minigolfvöllur í Ævintýragarðinn**
**10.000.000**
*9 holu minigolfvöllur í Ævintýragarðinum í Ullarnesbrekkum, opinn almenningi.*



**Hlaupahjólastandar við alla grunnskóla**
**2.500.000**
*Hlaupahjólastandar við fimm grunnskóla Mosfellsbæjar.*



**Nútvitundargarður í Meltúnsreit**
**3.000.000**
*Fallegur og hlýlegur garður í Meltúnsreit með margs konar núvitundarstöðvum.*



**Hjólastólahringekja á skóla-lóðina hjá Lágafellsskóla**
**5.500.000**
*Hringekja með hjólastólaaðgengi sett upp á skólalóð Lágafellsskóla.*



**Baðaðstaða við Hafravatn**
**6.000.000**
*Stæði, sturta, aðstaða og pallur við norðurenda.*



**Merktar hlaupa- og gönguleiðir**
**1.000.000**
*Merktar hlaupa- og gönguleiðir frá Lágafellslaug.*



**Álafoss - laga grindverk og útivistarsvæði**
**5.000.000**
*Lagfæringar á umhverfinu við Álafoss. Aðgengi að fossinum bætt.*



**Heilsársteigar á frisbígolf-völlinn í Ævintýragarðinum**
**2.000.000**
*Upphækkaðir heilsársteigar með gervigrasi.*



**Stökkbretti í Varmárlaug**
**4.500.000**
*Stökkpallur úr ryðfríu stáli í Varmárlaug.*




**Klára að merkja bæjarfellin**
**2.000.000**
*Fjögur fell, Bæjarfell, Lali, Lyklafell og Þverfell, merkt til viðbótar.*



**Aparóla í Leirvogstungu**
**4.000.000**
*Aparóla á svæðið fyrir utan Leirvogstunguskóla.*



**Vatnstankur í Álafosskvosinni**
**2.500.000**
*Vatnstankur í Álafosskvos lagfærður og listamenn fengnir til að skreyta hann.*



**Umhverfi Álafosstjarnar (Tító tjörnin)**
**7.000.000**
*Tjörnin og bakkar hreinsaðir með betra busaðgengi.*

FLEIRI HUGMYNDIR ›

# MOSFELLINGUR

7. TBL. 20. ÁRG. FIMMTUDAGUR 3. JÚNÍ 2021 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS




Mynd/RaggiÓla

GUNNAR EGILL FRAMKVÆMDASTJÓRI OG JÓN STEINAR VERSLUNARSTJÓRI

*Ný 750 fm verslun opnar í Sunnukrika á föstudag • Mikil áhersla á ferskvöru*

# Nettó opnar í Mosfellsbæ

Föstudaginn 4. júní mun Nettó opna nýja verslun við Sunnukrika 3 í Mosfellsbæ. Unnið hefur verið hörðum höndum að því að standsetja rýmið síðustu vikur. Í Sunnukrika er einnig að finna heilsugæslu, apótek, bensíndælur og kjötbúð.

„Við höfum horft til Mosfellsbæjar mörg undanfarin ár og erum ótrúlega spennt fyrir því að opna," segir Gunnar Egill Sigurðsson framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa. „Staðsetningin er mjög spennandi og með þeim flottu fyrirtækjum og þjónustu sem er í húsinu er ljóst að þjónusta við íbúa mun stórbatna. Þetta er önnur græna verslun okkar sem þýðir að öll tæki eru keyrð á umhverfisvænum orkumiðli, LED lýsing er í versluninni, allt sorp er flokkað, allir frystar og megnið af kælum eru lokaðir svo eitthvað sé nefnt."

**Leiðandi í heilsusamlegum og lífrænum vörum**

„Verslun okkar er rúmgóð með miklum þægindum, björt og vítt til veggja. Við leggjum mikla áherslu á ferskvöruna og það fyrsta sem mætir þér er brakandi ferskt ávaxta- og grænmetistorg. Nettó er leiðandi í heilsusamlegum og lífrænum vörum og fá þær vörur mikið rými," segir Gunnar Egill.

Verslanir Nettó eru staðsettar á 17 stöðum á landinu og bætist nú glæsileg verslun við í Mosfellsbæ. Nettó er í eigu Samkaupa hf. og var fyrsta lágvöruverslunin til að opna netverslun á Íslandi. Þá er verið að innleiða vildarkerfi sem gildir í öllum Nettóverslunum sem ber heitið Samkaup í símann og veitir viðskiptavinum fastan afslátt af innkaupum og aðgang að sértilboðum.


Fasteignasala Mosfellsbæjar

VILTU SELJA?



Svanþór Einarsson
Lögg. fasteignasali
S: 698 8555
svanthor@fastmos.is

Sigurður Gunnarsson
Lögg. fasteignasali
S: 899 1987
sigurdur@fastmos.is

FYLGSTU MEÐ OKKUR á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is



Alla leið á öruggari dekkjum

Pantaðu tíma á n1.is

N1 Langatanga 1a Mosfellsbæ












*Mosfellingurinn Kristín Valdemarsdóttir íþróttakennari og ljósmyndari*

## Tekur ævintýralegar myndir í náttúrunni

»28


RÉTTINGAVERKSTÆÐI Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ

Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is

WWW.JONB.IS




CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

MOSFELLINGUR
www.mosfellingur.is - mosfellingur@mosfellingur.is

**Útgefandi**: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**
Hilmar Gunnarsson, *hilmar@mosfellingur.is*
**Ritstjórn:**
Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, *annaolof@mosfellingur.is*
Ragnar Þór Ólason, *raggiola@mosfellingur.is*
Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is
**Prentun:** Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Afturelding.
**Umbrot og hönnun**: Mosfellingur ehf.
**Prófrörk:** Ingibjörg Valsdóttir ISSN 2547-8265

*Tekið er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.*

**Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsti Mosfellingur kemur út 24. júní

# Kjósum í Okkar Mosó



Nú er komið að okkur Mosfellingum að taka þátt í því að forgangsraða smærri verkefnum á vegum bæjarfélagsins. Okkar Mosó heitir þetta ágæta lýðræðisverkefni sem fer nú fram í þriðja sinn. Við höfum 35 milljónir í höndunum sem við getum valið hvernig við notum. Okkar Mosó hefur áður farið fram 2017 og 2019 og tekist vel. Svona verkefni fær okkur íbúa til að hugsa hvað megi betur fara í okkar nærumhverfi og hvetur okkur til að koma skemmtilegum hugmyndum á framfæri. Ég skora á ykkur að fara á www.mos.is og kjósa. Kosningin stendur til 6. júní.

Tíminn er fljótur að líða og við erum komin fram í júní. Heimsfaraldurinn er vonandi á undanhaldi og við getum farið að lifa sem eðlilegustu lífi á nýjan leik. Ef allt gengur upp þá vonandi getum við haldið upp á 17. júní eftir tvær vikur og reiknum passlega með því að halda glæsilega bæjarhátíð í lok ágúst. Áfram gakk!

*Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellings*

ÍSFUGL
www.isfugl.is
KJÚKLINGUR KALKÚNN UM ÍSFUGL ÍSFUGLSBÆNDUR

## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

### BRÚARLANDSSKÓLI - VORFERÐALAG 1958

Í síðasta Mosfellingi var vikið að Sjóði Thor Jensen hjóna, sem ætlaður var til vorferðalaga nemenda Brúarlandsskóla. Hér birtist mynd frá vorferðalagi árið 1958. Sigurdóra Kristinsdóttir frá Melstað veitti mér góða aðstoð við að nafnsetja börnin/unglingana á myndinni. Aðeins vantar nafn á drenginn, sem er annar frá vinstri í fremri röð. Vinsamlegast hafið samband ef eitthvað má betur fara. Mörg úr þessum hópi hafa verið búsett og eru enn í Mosfellsbæ og hafa átt sinn þátt í að móta samfélagið okkar í dag.

**Fremri röð frá vinstri:** Magnús Sigsteinsson, Blikastöðum, NN, Guðjón Bjarnason Seljabrekku, Þengill Oddsson, Reykjalundi, Friðþjófur Haraldsson, Markholti, Sveinbjörn Benediktsson, Bjargarstöðum,
**Aftari röð frá vinstri:** Margrét Tryggvadóttir, Miðdal, Unnur Steingrímsdóttir, Þormóðsdal, Guðrún Þór, Blómvangi, Hlín Árnadóttir, Reykjalundi, Edda Gísladóttir, Hlíðartúni, Sigurdóra Kristinsdóttir, Melstað, Drífa Pétursdóttir, Laxnesi, Guðbjörg Elsa Lorens, Hlíðartúni, Kristín Sigsteinsdóttir, Blikastöðum, Bára Björg Kjartansdóttir, Álafossi og Guðmundur Magnússon, Brúarlandi.



VORFERÐ 1958

**Umsjón:** Birgir D. Sveinsson *(birgird@simnet.is)*

## HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?







# Fasteignasala Mosfellsbæjar



**Svanþór Einarsson**
Lögg. fasteignasali



**Egilína S. Guðgeirsdóttir**



**Þórhildur M. Sandholt**
Lögg. fasteignasali



**Sigurður Gunnarsson**
Lögg. fasteignasali



**Theodór Emil Karlsson**

## EYJABAKKI - SUMARBÚSTAÐALÓÐIR



Sumarbústaðalóðir við Eyjabakka í Kjós. Lóðirnar standa við ána Sandá rétt við Meðalfellsvatn. Akstur frá höfuðborgarsvæðinu er 30-40 mín. Stutt er í þjónustu og fallegar gönguleiðir. Á svæðinu er verslun og veitingahús. Á hverri lóð er heimilt að byggja eitt frístundahús og eitt aukahús. Hámarksbyggingarmagn á lóð er 100 m2, þ.e. frístundahús og aukahús, aukahús skal þó ekki vera meira en 50 m2. **V. 6,3 m.**

## STÓRITEIGUR



Mjög fallegt 211,7 m2 einbýlishús á einni hæð, þar af er bílskúr 40,6 m2, á frábærum stað innarlega í rólegri og fjölskylduvænni götu í Mosfellsbæ. Fallegar innréttingar og gólfefni. Granít í borðplötum og gluggakistum. Stór timburverönd í suðurátt með heitum potti. Mikið endurnýjað árið 2006. **V. 120 m.**

## HELGADALSVEGUR



9.277 m2 eignarlóð við Helgadalsveg 6 í Mosfellsdal. Skv. samþykktu deiliskipulagi er heimilt að byggja eitt íbúðarhús á lóðinni. Auk þess er gert ráð fyrir bílskúr og einu gestahúsi innan byggingarreits. Einbýlishús skulu vera á einni hæð eða ein hæð og ris. Gatnagerðargjöld eru ógreidd af lóðinni. **V. 32,0 m.**

## BUGÐUFLJÓT



Atvinnulóðir við Bugðufljót 1 og 3 á Leirvogstungumelum í Mosfellsbæ. Flott staðsetning rétt við Vesturlandsveginn.

**V. 75,9 m og 89,5 m.**

## KOPARSLÉTTA




285,2 m2 iðnaðarhúsnæði við Koparsléttu 14 í Reykjavík. Húsið er stálgrindarhús á steyptri botnplötu og sökklum. Milliloft er gert úr stáli og steinsteypu. Tvær gönguhurðir eru á eigninni og ein ca. 4,2 m innkeyrsluhurð. Eignin skiptist í opið 196 m2 vinnurými með mikilli lofthæð yfir hluta salarins og 89,2 m milliloft sem er opið rými. **V. 64,9 m.**

# VIÐ VILJUM VINNA FYRIR ÞIG!

## Ertu í söluhugleiðingum eða að velta fyrir þér að kaupa fasteign?

*Endilega hafðu samband í síma: 586-8080*

## LAUFENGI




84,2 m2, 3ja herbergja endaíbúð með sérinngangi af opnum svalagangi á 2. hæð við Laufengi 16 í Reykjavík. Svalir í suðurátt með fallegu útsýni. Stutt er í alla helstu þjónustu, Spöngina, Egilshöll, leik-, grunn- og framhaldsskóla, frístundaiðkun og golfvöllur í göngufæri. **V. 47,9 m.**

## STRANDGATA



Falleg og vel skipulögð 64,5 m2 íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla í kjallara. Gott skipulag. Svalir í suðvesturátt. Frábær staðsetning í hjarta Hafnarfjarðar þar sem stutt er í alla helstu þjónustu. **V. 37,9 m.**

## KRISTNIBRAUT



Falleg og björt 118,5 m2 þriggja herbergja íbúð með glæsilegu útsýni á þriðju hæð í lyftuhúsi við Kristnibraut 6 í Reykjavík. Svalir í suðvesturátt. Gott útsýni er úr eigninni.

**V. 57,5 m.**

## LAUGAVEGUR



Björt og falleg 87,6 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í þríbýlishúsi. Sérbílastæði á lóð fylgir eigninni. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, stofu, forstofuhol, flísalagt baðherbergi með sturtu og eldhús. Stórar svalir í suður. Mjög mikil lofthæð. **V. 49,9 m.**

Fastmos ehf. • Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080 • www.fastmos.is • Svanþór Einarsson, löggiltur fasteignasali



## Miklar framkvæmdir í Ævintýragarði

Miklar framkvæmdir verða í sumar í Ævintýragarðinum en unnið er að lagningu samgöngustígs í gegnum Ævintýragarðinn sem mun bæta aðgengi gangandi og hjólandi gesta. Stígurinn tengir núverandi stíg við Brúarland og yfir í Leirvogstungu. Samhliða framkvæmdum við stígagerðina sem er á vegum Vegagerðarinnar tók Mosfellsbær þá ákvörðun að nýta tækifæri og endurnýja fráveitulagnir frá Varmársvæðinu. Hundagerðið hefur verið tekið niður á fyrri stað og verið sett upp aftur ofar í Ævintýragarðinum. Þá verða í sumar framkvæmdir á aðalleiksvæði Ævintýragarðsins en þar er verið að ljúka við stígagerð og setja upp grillaðstöðu. Vegna þessara framkvæmda verður núverandi samgöngustígur lokaður að og frá Varmársvæðinu yfir Varmá 1.-15. júní og er það gert til að tryggja öryggi vegfarenda. Gönguleiðir inn í Ævintýragarðinn verða opnar að norðan eða sunnanverðu um hjáleiðir eftir því sem aðstæður leyfa og einnig verða hjáleiðir fram hjá garðinum meðfram Tunguvegi. Það er óhjákvæmilegt að svona umfangsmiklar framkvæmdir valdi bæði óþægindum og truflunum en til framtíðar litið er samgöngustígurinn mikilvæg viðbót sem eykur aðgengi að svæðinu og bætir öryggi allra vegfarenda.

## Jóna Benediktsdóttir ráðin skólastjóri



Jóna Benediktsdóttir hefur verið ráðin í starf skólastjóra Varmárskóla frá 1. ágúst. Hún er með B.Ed gráðu frá KHÍ, meistaragráðu í sérkennslufræðum og diplómu í stjórnun menntastofnana frá HÍ. Hún hefur einnig setið námskeið í stjórnun og opinberri stjórnsýslu. Jóna hefur starfað sem grunnskólakennari, aðstoðarskólastjóri til fjölda ára og sem skólastjóri við grunnskólann á Ísafirði. Frá 2018 hefur hún starfað sem skólastjóri við grunnskólann á Suðureyri. Jóna hefur tekið þátt í fjölmörgum þróunarverkefnum, haldið námskeið og ritað greinar um skólamál. Jóna hefur sinnt ýmsum trúnaðarstörfum og hefur gegnt formennsku í félagi um „Uppbyggingu sjálfsaga“ og hefur réttindi til að kenna þau fræði.

*Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar • Ingi Ragnar úr Lágafellsskóla sigraði*

# Landsliðið okkar í upplestri



EFSTU ÞRJÚ: KARÓLÍNA BJÖRG, INGI RAGNAR OG FARAH MEHICA

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í Mosfellsbæ var haldin í Lágafellsskóla þann 18. maí. Þar kepptu til úrslita 11 nemendur úr 7. bekk í þremur grunnskólum Mosfellsbæjar, Helgafellsskóla, Lágafellsskóla og Varmárskóla.

Úrslit urðu þau að Ingi Ragnar Ingason í Lágafellsskóla varð í fyrsta sæti, Karólína Björg Árnadóttir í Varmárskóla varð í öðru sæti og Farah Mehica í Helgafellsskóla varð í þriðja sæti.

**Upplestrarkeppni í 25 ár**

Keppendur lásu brot úr sögunni „Kennarinn sem hvarf“ eftir Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur og ljóð eftir Kristján frá Djúpalæk. Auk þess lásu keppendur ljóð sem þeir völdu sjálfir.

Nemendur í Listaskóla Mosfellsbæjar sáu um tónlistarflutning.

Í 25 ár hafa Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn, rekið Stóru upplestrarkeppnina fyrir 7. bekk. Verður þetta síðasta skólaárið sem Raddir standa fyrir keppninni en framvegis mun hún færast alfarið yfir til sveitarfélaganna.



STRANDBLAKVÖLLUR VAR KOSINN 2017



ÆRSLABELGUR VAR KOSINN 2019

*Samráðsverkefni íbúa og bæjarins • 35 milljónum varið í verkefnið • Kosning til 6. júní*

# Kosning stendur yfir í lýðræðisverkefninu Okkar Mosó

Rafræn kosning er hafin í lýðræðisverkefninu Okkar Mosó 2021. Þar gefst íbúum tækifæri á að kjósa sín uppáhalds verkefni til framkvæmda, verkefni sem þeim þykja gera bæinn betri.

Um er að ræða forgangsröðun og úthlutun fjármagns til framkvæmda í nærumhverfi íbúa í Mosfellsbæ.

Alls bárust 140 fjölbreyttar tillögur að verkefnum í hugmyndasöfnuninni, talsvert fleiri en árin 2017 og 2019. Hugmyndirnar voru metnar af hópi sérfræðinga á umhverfissviði Mosfellsbæjar og lagt var mat á kostnað við hönnun og framkvæmd. Afrakstur þeirrar vinnu var tillaga um 29 hugmyndir sem voru lagðar fram til kynningar í lýðræðis- og mannréttindanefnd og eru þær nú komnar í kosningu meðal íbúa Mosfellsbæjar. Kosningin fer fram á slóðinni kosning2021.mos.is sem stendur yfir þessa vikuna til og með sunnudagsins 6. júní.

**Tvöfalt vægi með hjarta**

Íbúar velja þær hugmyndir sem þeir vilja kjósa á kosningasíðunni. Hægt er að kjósa áfram hugmyndir fyrir samtals upphæð allt að 35 milljónum. Mikilvægt er að vita að þegar kosið er þarf ekki að fullnýta fjármagnið. Með því að kjósa eitt eða fleiri verkefni velur íbúi að gefa þeim atkvæði sitt. Kjósendur geta líka sett hjarta við eina af þeim hugmyndum sem þeir kjósa og þannig gefið þeirri hugmynd tvöfalt vægi, tvö atkvæði í stað eins.



**15 ára og eldri geta kosið**

Ungmenni sem verða 15 ára á árinu geta haft áhrif og kosið. Það þýðir að verðandi 10. bekkingar geta komið sínu áliti á framfæri. Um er að ræða íbúakosningu sem er framkvæmd á grundvelli ákvæða sveitarstjórnarlaga þannig að allir kjósendur þurfa að notast við rafræn skilríki eða Íslykil til þess að greiða atkvæði.

**Íbúakosningin er hafin**

Íbúar í Mosfellsbæ eru hvattir til þess að taka þátt í að velja hugmyndir og að hvetja aðra til þess að kjósa á síðunni kosning2021.mos.is.

Nánari upplýsingar er að finna á mos.is/okkarmoso og í kápunni sem hylur Mosfelling að þessu sinni.

Það er kjörið að losa kápuna af blaðinu til þess að virða allar hugmyndir fyrir sér á einni opnu og jafnvel hengja á ísskápinn til að minna heimilismenn á að kjósa.

» Nánari upplýsingar um lýðræðisverkefnið Okkar Mosó 2021 er að finna á mos.is/okkarmoso.

## KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

## HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Allt safnaðarstarf miðast við núgildandi fjöldatakmarkanir og ítrustu sóttvarna gætt. Við tökum vel á móti þér.

**Sunnudagurinn 6. júní**
Guðsþjónusta kl. 11 í Mosfellskirkju. Sr. Arndís leiðir.

**Sunnudagurinn 13. júní**
Guðsþjónusta kl. 11 í Mosfellskirkju. Sr. Arndís leiðir.

**Þjóðhátíðardagurinn 17. júní**
Hátíðarguðsþjónusta kl. 11 í Mosfellskirkju. Sr. Ragnheiður leiðir. Ungmennakórinn Fermata syngur undir stjórn Þórðar Sigurðssonar.

**Sunnudagurinn 20. júní**
Vígsluguðsþjónusta kl. 11 við útialtarið að Esjumelum. Helgihald undir berum himni.

**Kyrrðarbænastundir í sumar**
Á þriðjudögum í Mosfellskirkju kl. 17:30. Byrjendur mæti kl. 17:15.

**Viltu fylgja okkur næsta vetur?**
Skráning fermingarbarna fyrir vorið 2022 er í fullum gangi! Nánari upplýsingar og skráning á heimasíðu.

**Sumarnámskeið Lágafellssóknar**
Nóg laus pláss, námskeið fyrir 1.-4. bekk. Lofum stuði og ævintýrum í sumar! Skráning á heimasíðu.

# FERÐASTU UM ALLT ÍSLAND

ALVÖRU JEPPAR - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF




**JEEP WRANGLER RUBICON 4XE PLUG-IN-HYBRID ALVÖRU JEPPI MEÐ ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIFI**
**Á VERÐI SEM Á SÉR ENGAN SAMANBURÐ OG NÚ 374HÖ/637NM**

NÝR WRANGLER RUBICON 4xe PLUG-IN-HYBRID

**VERÐ FRÁ KR. 9.490.000**
**LAUNCH EDITION KR. 10.490.000**

**35”-40” ÍSBAND BREYTINGAPAKKAR Í BOÐI FRÁ KR. 300.000**

Jeep | 4xe

# RAFMAGNAÐ ÆVINTÝRI MEÐ ALVÖRU 4X4

Einu rafknúnu Plug-In Hybrid jepparnir í sínum stærðarflokki með lágt drif.
Ótrúlegt verð á bílum hlöðnum lúxusbúnaði.

**GERIÐ VERÐSAMANBURÐ**



4xe

**JEEP RENEGADE PLUG-IN HYBRID**
**VERÐ 5.499.000 KR.***

4xe

**JEEP COMPASS PLUG-IN HYBRID**
**VERÐ 5.999.000 KR.***

*Gildir meðan birgðir endast, hvítur Renegade, svartur Compass Limited.

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300WWW •.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep



## Malbikstöðin kaupir Malbik og völtun

Malbikstöðin og Fagverk hafa keypt Malbik og völtun ehf. en það síðarnefnda hafði verið starfrækt í 40 ár og komið að miklum fjölda malbikunarverkefna í gegnum tíðina. Með kaupunum sameinast fyrirtækin undir merkjum Malbikstöðvarinnar. „Með sameiningunni verður liðsheildin hjá okkur enn sterkari og áratugareynsla starfsmanna Malbiks og völtunar er okkur afar verðmæt. Sjálfur vann ég fyrst með þeim fyrir 30 árum svo það er komin góð reynsla á samstarfið,“ segir Mosfellingurinn Vilhjálmur Þór framkvæmdastjóri Malbikstöðvarinnar og Fagverks. Kaupin eru mikilvægur hluti af uppbyggingu Malbikstöðvarinnar og Fagverks og einn liður í baráttu fyrirtækjanna um aukna markaðshlutdeild í samkeppni við Reykjavíkurborg sem fer mikinn á malbiksmarkaðnum í samkeppni við einkafyrirtækin.

## Helga Þórdís nýr skólastjóri Listaskólans

Helga Þórdís Guðmundsdóttir hefur verið ráðin í starf skólastjóra Listaskóla Mosfellsbæjar frá 1. ágúst. Helga starfaði sem skólastjóri Tónlistarskólans á Tálknafirði í fjögur ár. Hún hefur sinnt tónlistarkennslu í grunnskólum og við ýmsa tónlistarskóla. Hún er prófdómari í samræmdum prófum í prófanefnd tónlistarskóla. Frá árinu 2013 hefur hún gegnt stöðu organista við Víðistaðakirkju í Hafnarfirði. Helga hefur sinnt ýmsum trúnaðarstörfum og situr meðal annars í skólanefnd Tónskóla Þjóðkirkjunnar og kirkjutónlistarráði, er formaður Félags íslenskra organista og er í stjórn Norræna kirkjutónlistarráðsins. Árið 2020 gaf Helga út námsefnið „Hljómleikur“ sem er nýsköpunarverkefni á sviði tónlistarkennslu.



## Kórskóli Lágafellskirkju hefst í haust

Skráning er hafin í Kórskóla Lágafellskirkju sem hefst í september. Í boði verður frábært söngstarf fyrir áhugasama kórsöngvara í 2.-8. bekk. Æfingar fara fram á miðvikudögum og hefjast 1. september í safnaðarheimili Lágafellssóknar, Þverholti 3.
Ungdómskór Lágafellskirkju fyrir 10–14 ára (5.–8. bekkur) kl. 15:00–16:15. Barnakór Lágafellskirkju fyrir 7 - 9 ára (2. - 4. bekkur) kl. 16:30–17:30. Kórstjóri er Þórdís Sævarsdóttir en undirleik annast Þórður Sigurðsson organisti. Nánari upplýsingar og skráning á heimasíðu Lágafellskirkju.



*Útibú í Þverholti 2 • Aukið rými með fjölgun íbúa • Átta starfsmenn í Mosfellsbæ*

# ALLT fasteignasala opnar í Kjarna

ALLT fasteignasala hefur opnað útibú í Þverholti 2. Fasteignasalan er staðsett í gamla Íslandsbankarýminu í Kjarnanum en fyrir eru starfsstöðvar í Reykjanesbæ, Grindavík og Vestmannaeyjum.

Kristinn Sigurbjörnsson, annar eigenda ALLT, hefur starfað hjá fyrirtækinu síðan 2016. Sjálfur hefur Kristinn búið í Mosfellsbæ í þrjú ár og telur að með allri þeirri uppbyggingu sem hefur átt sér stað í bæjarfélaginu undanfarið hafi skapast aukið rými fyrir fleiri fasteignasölur.

„Það er auðvitað mikil fjölgun íbúa hér í bænum og ég sé mikla möguleika í að þjónusta fólk í bæði kaupum og sölu með mína þekkingu,“ segir Kristinn sem er byggingafræðingur og húsasmíðameistari að mennt og þekkir því ferlið allt frá grunni. „Einnig get ég aðstoðað byggingaverktakana frá upphafi, þegar þeir eru að hanna og breyta, og komið þannig fyrr að verkefnunum.“

**Þjónusta allt höfuðborgarsvæðið**

ALLT er framsækin og hágæða fasteignasala sem leggur áherslu á ánægjuvog bæði kaupenda og seljanda, öryggi og nákvæmni í öllum vinnubrögðum og framsækni í framsetningu og kynningu á eignum sem eru til sölu- eða leigumeðferðar hjá fyrirtækinu.

Útibúið í Mosfellsbæ mun þjónusta allt höfuðborgarsvæðið og höfðu þeir lengi haft augastað á húsnæði í Mosfellsbæ. „Fólk er nánast hætt að koma inn á fasteignasölurnar, við vinnum í raun bara heiman frá þeim sem eru að selja og getum því verið hvar sem er,“ segir Kristinn.

Í heildina starfa 15 manns hjá fasteignasölunni, þar af 8 hér í Mosfellsbæ. „Við hvetjum bæjarbúa til að kíkja til okkar í kaffi og spjall eða fá góðar ráðleggingar,“ segir Kristinn og bætir við að skráðum eignum hjá þeim í Mosfellsbæ fari ört vaxandi.



ALLT Á NEÐSTU HÆÐ Í KJARNA


KRISTINN BJÖRNSSON FASTEIGNASALI

*Mosfellsbæ bárust 420 umsóknir en umsóknarfrestur rann út 1. júní • Aukin útgjöld*

# Öll ungmenni fá sumarstarf

Mosfellsbær gerði ráð fyrir að bjóða ungmennum allt að 220 störf í vinnuskólanum í sumar en bænum bárust 420 umsóknir sem glöggir lesendur sjá að reyndust 200 umsóknir umfram áætlanir.

Þá reyndust umsóknir þeirra sem eru 18 ára og eldri um 260 fleiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og því reyndist nauðsynlegt fyrir Mosfellsbæ að bregðast hratt og fimlega við þessari stöðu.

**Viðauki við fjárhagsáætlun**

Eins og síðasta sumar hefur Mosfellsbær lagt áherslu á að tryggja ungmennum sumarstarf því störf fyrir þann hóp hafa verið af skornum skammti í samfélaginu frá því kófið lagðist yfir landið. Mosfellsbær hefur því markað þá stefnu að tryggja ungmennum virkni með fullnægjandi framboði á sumarstörfum við hæfi.

Áætlaður kostnaður Mosfellsbæjar umfram gildandi fjárheimildir er talinn geta numið allt að 120 m.kr. umfram fyrri áform og fól bæjarráð fjármálastjóra að undirbúa viðauka við fjárhagsáætlun til að mæta þessum auknu útgjöldum. Vinnumálastofnun ráðstafar fjármunum til sumarstarfa fyrir þá sem orðnir 18 ára, þeir fjármunir duga skammt en skipta auðvitað máli.

**Öll ungmenni fá starf við hæfi**

Öllum 17 ára námsmönnum sem sóttu um í vinnuskólanum sem og námsmönnum 18 ára og eldri sem sóttu um sumarstarf hjá Mosfellsbæ hefur því verið boðið starf í sumar. Umsóknarfrestur um sumarstörfin rann út 1. júní og þeim sem eru skráðir á biðlista eftir starfi verður boðið starf.

Störf ungmenna og námsmanna verða fjölbreytt að vanda, allt frá því að sinna skógrækt, hlúa að plöntum á friðlýstum svæðum, umhirðuverkefni við hesthús og verkefni við umhirðu á golfvöllum innan Mosfellsbæjar.

Þá má nefna umhirðu á skólalóðum, málun leiktækja og gangstíga og störf við leikskóla og sundlaugar Mosfellsbæjar. Loks koma til störf við skjalavistun og skráningar í rafræn kerfi, aðstoð við launavinnslu sumarstarfa og önnur skrifstofustörf á bæjarskrifstofunni svo nokkuð sé nefnt. Bæjarbúar munu því bæði sjá fjölda ungmenna og enn fegurri bæ en oftast áður ef að líkum lætur.

**Atvinnuástandið að batna**

„Við vitum að sumarstörf skipta einstaklinga og fjölskyldur þeirra miklu máli og áður en þessi eftirspurn varð að fullu ljós hófst vinna við að undirbúa frekari verkefni og ráðningar í störf ungmenna. Við öðluðumst góða reynslu við undirbúning og framkvæmd þess að útfæra þessa vinnumarkaðsaðgerð í fyrra og byggjum á þeirri reynslu nú.

Við finnum það líka að atvinnuástandið er að batna þó svo að enn sé nokkuð í land með að ná fyrra atvinnustigi. Ég hlakka því til þess að sjá bæði bæinn okkar og ungmennin blómstra í því fallega sumri sem er að taka á móti okkur eftir þennan býsnavetur,“ segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri Mosfellsbæjar.



## Ömmurnar skipta um félag

Vegna frétta um lækkun á hraða á vegum Reykjavíkur hafa Mosfellsku ömmurnar fært keppnisréttinn frá Kópavogi til Ísafjarðar þar sem það mun sennilega taka styttri tíma að fara á æfingar til Ísafjarðar. Kepptu þær á heimavelli í maí í 50 m liggjandi riffli og þrístöðu og urðu úrslit þau að Bára Einarsdóttir lenti í 1. sæti, Guðrún Hafberg í 2. sæti og Margrét Alfreðsdóttir í því þriðja.
Í karlaflokk var Mosfellingurinn Ingvar Bremner í 3. sæti.



## Húsmæðraorlof Gullbringu- og Kjósarsýslu

Orlofsnefnd húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefur opnað heimasíðu, slóðin á síðuna er orlofksgk.wordpress.com, þar sem fyrirhugaðar ferðir verða auglýstar. Einnig verða settar inn fréttir o.þ.h. Þær konur sem ekki hafa tölvuaðgang eru hvattar til að leita aðstoðar hjá vinum og vandamönnum.

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

# 2. sæti

# Bryndís Haraldsdóttir

í prófkjöri
Sjálfstæðisflokks
í Suðvesturkjördæmi
10-12 júní nk.



BRYNDISHARALDS.IS



## Jóel nýr rekstrarstjóri á Barion Mosó

Jóel Salómon Hjámarsson tekur á næstu vikum við sem rekstrarstjóri á Barion Mosfellsbæ. Barion er hverfisstaður sem staðsettur er í Þverholti 1. Jóel tekur tímabundið við af Karen Arnardóttur sem fer brátt í barneignarleyfi en hún á von á tvíburum í sumar. Karen hefur starfað á Barion frá því staðurinn opnaði í lok árs 2019. „Nú tekur við mikilvægara verkefni í mínu lífi og mun ég sinna því næstu mánuðina. Tveir fyrir einn. Tvíburastelpurnar mínar koma vonandi í heiminn seinnipart sumars,“ segir Karen. Jóel Salómon er mættur til starfa til að stýra skútunni í fjarveru Karenar og líst vel á Mosó en hann er ættaður frá Egilsstöðum. „Ég hef verið að vinna í þessum geira frá því ég man eftir mér. Ég lærði hótelstjórnun og ferðamálafræði í Sviss og vann erlendis í 9 ár. Kom heim til Íslands árið 2015 og hef komið víða við. Ég er gríðarlega spenntur að taka við keflinu af Karen og kynnast fleiri Mosfellingum. Það er gaman að sjá hvað staðurinn höfðar vel til bæjarbúa,“ segir Jóel.







*Palli Líndal hélt golfmót og hjólakeppni 22. maí • Dineout.is stærsti styrktaraðilinn*

# Safnaði yfir tveimur milljónum

Mosfellingur Páll Líndal stóð fyrir Palla Open golfmóti og hjólakeppni á afmælisdaginn sinn 2. maí. Dagurinn heppnaðist vel í alla staði og söfnuðust alls 2.164.300 kr. sem skiptust á milli góðra málefna í Mosfellsbæ. Helminginn fékk Reykjadalur og hinn fékk Hlaðgerðarkot og er ljóst að styrkurinn kemur að góðum notum.

Golfklúbbur Mosfellsbæjar lagði allt sitt af mörkum og fjöldi fyrirtækja lagði til vinninga. Stærsti styrktaraðili dagsins var Dineout.is sem er íslenskt hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í hugbúnaðarlausnum fyrir veitingastaði.

**Sælla er að gefa en þiggja**

Auk verðlaunaafhendingar voru dregnir út margir útdráttarvinningar og voru vinningar það margir að næstum allir fengu einhvern glaðning að loknu móti.

Stærstu útdráttarvinningar voru tvö fjallahjól, auk þess fékk Reykjadalur eitt.

176 kylfingar tóku þátt og 60 manns hjóluðu og er Palli staðráðinn í að halda Palla Open aftur á nýju ári og gera eitthvað gott fyrir samfélagið. Yfirskrift dagsins var „Sælla er að gefa en þiggja“ og má með sanni segja að náðst hafi að gleðja marga. Palli er líka með hugmyndir um að halda veglegt Pallaball þegar tækifæri gefst.



*Lokahóf Palla Open fór fram í golfskálanum þar sem verðlaun voru veitt og ýmsum gjöfum úthlutað.*

## ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNDAN Í STARFINU



# Sumarfrí félagsstarfsins

*Lokað verður 11. júní til og með 18. júní*

Sjáumst hress og kát 21. júní kl. 11:00.

*Endilega komið og verið með okkur í sumar!*





**Skrifstofa félagsstarfsins** er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir* tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

**Skrifstofa FaMos** á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.

**FÉLAG ALDRAÐRA**
**í Mosfellsbæ og nágrenni**
*famos@famos.is*
*www.famos.is*

**STJÓRN FAMOS**

**Ingólfur Hrólfsson** formaður
s. 855 2085 *ihhj@simnet.is*

**Úlfhildur Geirsdóttir** varaformaður
s. 896 5700 *bruarholl@simnet.is*

**Margrét Ólafsdóttir** gjaldkeri
s. 863 3359 *margretjako@gmail.com*

**Snjólaug Sigurðardóttir** ritari
s. 897 4734 *snjolaugsig@simnet.is*

**Kristbjörg Steingrímsdóttir** meðstjórnandi
s. 898 3947 *krist2910@gmail.is*

**Jóhanna B. Magnúsdóttir** 1. varamaður
s. 899 0378 *hanna@smart.is*

**Þorsteinn Birgisson** 2. varamaður
s. 898 8578 *thorsteinn.birgis@gmail.com*

# NÝ OG GLÆSILEG NETTÓ VERSLUN OPNAR Í SUNNUKRIKA

**FÖSTUDAGINN 4. JÚNÍ KL. 12.**

KJÖTSEL



40% AFSLÁTTUR

**Lambalæri**
Bláberjakryddað
**1.295** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.159 KR/KG

KJÖTBORÐ



53% AFSLÁTTUR

**Grísabógur**
**493** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.049 KR/KG



50% AFSLÁTTUR

**Klósettpappír**
8 rúllur – XL
**450** KR/PK
**ÁÐUR:** 899 KR/PK



50% AFSLÁTTUR

**Nettóbrauð**
500 gr
**130** KR/STK
**ÁÐUR:** 259 KR/STK




**OPIÐ FRÁ 10 – 21**

## FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ!

**VERIÐ VELKOMIN Í GLÆNÝJA OG GLÆSILEGA VERSLUN OKKAR Í SUNNUKRIKA. HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR.**



30% AFSLÁTTUR

**Zemo Nautalundir**
Þýskar
**2.799** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.999 KR/KG



40% AFSLÁTTUR

**Andaleggir confit**
2 stk - 550 gr
**1.739** KR/PK
**ÁÐUR:** 2.899 KR/PK



50% AFSLÁTTUR

**Jarðarber**
250 gr
**345** KR/PK
**ÁÐUR:** 689 KR/PK



38% AFSLÁTTUR

**Bláber**
500 gr
**798** KR/PK
**ÁÐUR:** 1.279 KR/PK



40% AFSLÁTTUR

**Nautgripahakk**
500 gr
**539** KR/PK
**ÁÐUR:** 899 KR/PK

25% AFSLÁTTUR




**NOW VÍTAMÍN OG FÆÐUBÓTAEFNI Á 25% AFSLÆTTI**

nettó
**Lægra verð – léttari innkaup**

*Tilboðin gilda til 6. júní meðan birgðir endast . Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.*


AFHENDING Í KJARNA

*Áhersla lögð á verkefni á sviði upplýsinga- og tæknimála*

# Úthlutað úr Klörusjóði

Á dögunum voru afhentir styrkir úr Klörusjóði en markmið Klörusjóðs er að stuðla að nýsköpun og framþróun í skóla- og frístundastarfi í Mosfellsbæ.

Sjóðnum er ætlað að styrkja verkefni sem unnin eru í einstökum skóla eða í samstarfi á milli skóla og var í ár lögð áhersla á verkefni á sviði upplýsinga- og tæknimála.

Nafn sjóðsins, Klörusjóður, er til heiðurs Klöru Klængsdóttur (1920-2011). Klara útskrifaðist frá Kennaraskóla Íslands árið 1939 og hóf sama ár kennslu við Brúarlandsskóla. Hún starfaði alla sína starfsævi sem kennari í Mosfellsbæ.



### JAÐARSTUNDIR

**Elena Martinez Pérez**
Verkefnið byggist á að tvinna saman umhverfisvernd og daglegt starf Krikaskóla í gegnum fjölbreyttar kennsluaðferðir. Verkefnamiðað nám verður tengt umhverfisvernd, gildum og sjálfbærni og unnið með fjölbreyttum kennsluaðferðum. Gert er ráð fyrir að nemendur skoði jákvæð og neikvæð áhrif daglegs lífs á umhverfi sitt. Unnið verður með verkefni sem tengjast umhverfisvernd og þau fléttuð við grunngreinar og verklegt nám.



### TIL VERÐUR FRÆ

**Berglind Björgúlfsdóttir**
Sett verður upp svokallað bambahús, sem er endurunnin íslensk framleiðsla; þ.e. vökvatankur sem breytist í gróðurhús. Um er að ræða rúmlega 13 fm gróðurhús sem staðsett yrði á lóð yngri deildar Varmárskóla. Markmið verkefnisins er að hvetja nemendur og fjölskyldur þeirra til að rækta sitt eigið grænmeti og stuðla þannig að heilbrigðum lífsstíl. Skapa griðarstað sem hægt er að heimsækja í amstri skóladagsins.



### SNJALLRÆÐI

**Málfríður Bjarnadóttir**
Hugmyndin er að koma á svokallaðri hönnunarstund sem á sér stað á 2-4 vikna fresti og er framkvæmd samtímis á öllum skólastigum, allt frá leikskólastiginu og upp í 10. bekk. Nemendur fá þá hönnunaráskorun sem þeir glíma við í hópum, allir fá sömu áskorun en afraksturinn verður svo í samræmi við hvert skólastig. Mikil áhersla verður á náttúruvísindi og að kenna nemendum vísindaleg vinnubrögð og hugtök þar sem við á.



### SÖNG- OG SÖGUSEKKIR

**Ása Jakobsdóttir**
Ætlunin er að útbúa söng- og sögusekki til daglegra nota með það að markmiði að efla málþroska 1 og 2 ára barna. Gæðamálörvun verður í hverjum sekk er tekur til allra þátta tungumálsins - orðskýringar, hugtök, rím, hljóðkerfisvitund, fyrsta hljóð í orði, form, litir o.fl. Ung börn á máltökuskeiði þurfa eftirhermu og endurtekningar og þess vegna er markmiðið að hver og einn sekkur verði hluti af starfinu á deildunum í lengri tíma.




MOSFELLSBÆR

## Viltu eiga þátt í að móta æsku landsins?

**Hulduberg leitar að leikskólakennara, uppeldismenntuðum einstaklingi eða aðila með reynslu sem nýtist til starfa með ungum börnum.**

Laus staða á leikskólanum Huldubergi frá ágúst 2021 eða eftir nánari samkomulagi.

Hulduberg er sex deilda skóli, með 102 börn á aldrinum eins árs til þriggja ára. Við störfum samkvæmt aðalnámskrá leikskóla með áherslu á umhyggju, snemmtæka íhlutun, upplifun, leik og gleði. Hulduberg er þátttakandi í vináttuverkefni Barnaheilla, Blæ. Leikskólakennari vinnur að uppeldi og menntun barnanna. Fylgist vel með velferð þeirra og hlúir að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins svo þau fái notið sín sem einstaklingar. Um 100% starfshlutfall er að ræða. Helstu verkefni leikskólakennara eru að veita barni með sérþarfir þjálfun og stuðning, eiga í góðu samstarfi við foreldra, fagaðila og aðra ráðgjafa. Viðkomandi vinnur í nánu samstarfi við sérkennslustjóra.

Mosfellsbær er öflugt og eftirsótt sveitarfélag, þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfisbréf kennara með áherslu á leikskólastarf eða aðra sambærilega menntun
- Áhugi, menntun, reynsla og hæfni í starfi með ungum börnum
- Sjálfstæði og metnaður í vinnubrögðum
- Framúrskarandi samskiptafærni
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði

**Umsóknarfrestur er til og með 13. júní 2021.**
Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Þuríður Stefánsdóttir, skólastjóri, Jóna Rún Gísladóttir og Lína Hreiðarsdóttir í síma 586-8170. Um fullt framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA



## TIL SÖLU: Brekkutangi 4



254 fm raðhús með aukaíbúð og rúmgóðum innbyggðum bílskúr. Tækifæri fyrir laghenta og þá sem vilja breyta og bæta að eignast þetta vel skipulagða fjölskylduhús. Séríbúð er í kjallara, hægt að opna á milli. Stórar svalir og fleira prýða þessa eign. **Verð 86,9 m.**

HÖFÐI FASTEIGNASALA

*Uppl: Ásmundur Skeggjason fasteignasali, as@hofdi.is, Gsm: 895 3000*



PRÓFKJÖR
SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í
SUÐVESTURKJÖRDÆMI

# JÓN GUNNARSSON
# Í 2.SÆTIÐ

## 10.-12.JÚNÍ

**Fyrrverandi ráðherra, þingmaður**
**og ritari Sjálfstæðisflokksins**

## VIÐ ÞURFUM FRAMKVÆMDASTJÓRN Í LANDIÐ!



HLJÓMSVEITIN ROKKBÁL LÉK UTANDYRA Á TORGINU

## Hljómsveitir á Miðbæjartorginu

Glæsilegir tónleikar fóru fram á Miðbæjartorginu laugardaginn 22. maí undir berum himni. Það voru samspilshópar úr tónlistardeild Listaskólans sem léku. Á myndinni má sjá meðlimi úr hljómsveitinni Rokkbáli leika fyrir gesti.

*Mosfellsbær gerist aðili að sameiginlegu eftirliti*

# Breyting á heilbrigðis-eftirlitssvæðum

Tillaga um að Mosfellsbær taki þátt í sameinuðu heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar var samþykkt einróma á fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar þann 5. maí.

Jafnframt voru fyrirliggjandi drög að samþykktum fyrir nýtt heilbrigðiseftirlit afgreidd á sama fundi. Jafnframt var samþykkt að sameinuðu eftirliti verði falið eftirlit með hundahaldi í Mosfellsbæ.

Þessi niðurstaða byggist á viðræðum fulltrúa Hafnarfjarðar, Kópavogs, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness um sameiginlegt heilbrigðiseftirlit.

### Faglegir- og fjárhagslegir þættir

Af hálfu fulltrúa sveitarfélaganna var lagt mat á fjárhagsleg áhrif af sameiningunni. Samræma þarf eftirlitsgjöld milli svæða sem felur í sér að heilbrigðiseftirlitsgjöld á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis verða í samræmi við gjöld á svæði Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs (HHGK).

Mat á fjárhagslegum áhrifum leiddi fram að sameiningin hafi þau áhrif að framlög Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar lækki um 11 m.kr. en að framlög Hafnarfjarðar, Kópavogs og Garðabæjar verði óbreytt.

### Stærra svæði tryggir aukna sérhæfingu

Hlutverk heilbrigðiseftirlitsins er viðamikið og skiptist í megindráttum í eftirlit með hollustuháttum, eftirlit með mengun, eftirlit með matvælum og umhverfisvöktun. Þessi verkefni krefjast umtalsverðrar þekkingar á fjölda málaflokka. Fámenn eftirlitssvæði með 2-3 starfsmenn geta því átt erfitt með að viðhalda þekkingu og reynslu í öllum málaflokkum.

Stærra heilbrigðiseftirlitssvæði með fleiri starfsmönnum skapar því tækifæri til að ná fram meiri sérhæfingu. Í dag er starfsemi HHGK skipt í tvö svið en við sameininguna er gert ráð fyrir því að eftirlitið skiptist í þrjú svið sem yrðu matvælasvið, hollustuháttasvið og umhverfissvið.

### Öflugt og enn sterkara eftirlit

„Sameinað heilbrigðiseftirlit Hafnafjarðar, Garðabæjar, Kópavogs, Seltjarnarness og Mosfellsbæjar eru góð tíðindi fyrir íbúa og fyrirtæki í Mosfellsbæ. Við stofnun þess verður til öflugt og enn sterkara eftirlit enda býður sameiningin upp á meiri sérhæfingu en unnt er að byggja upp á minni eftirlitssvæðum.

Markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir eru það að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau verðmæti sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi og þessi sameining styður við meginmarkmið laganna,“ segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri Mosfellsbæjar.



AFHENDING Á REYKJALUNDI

*Gjafir fyrir 3,5 milljónir • Kaupmannasamtök Íslands styrkja*

# GLÆSILEGAR GJAFIR TIL REYKJALUNDAR

Það var ánægjuleg stund á Reykjalundi á fallegum morgni nýlega þegar Reykjalundur fékk formlega afhentar glæsilegar gjafir frá Kaupmannasamtökum Íslands fyrir milligöngu Hollvinasamtaka Reykjalundar en verðmæti gjafanna er um 3,5 milljónir króna.

Innihald gjafapakkans voru þrjú þrekhjól, tvö fullbúin sjúkrarúm, fjögur verkjameðferðartæki, fjórir lífsmarkamælar og tvö hugbúnaðarleyfi fyrir taugasálfræðileg möt ásamt einni fartölvu. Þessi búnaður var sérstaklega valinn í samráði við starfsfólk og er þegar farinn að koma sér mjög vel í mikilvægu endurhæfingarstarfi Reykjalundar. Meðfylgjandi mynd var einmitt tekin við afhendinguna.

Starfsfólk Reykjalundar sendir Hollvinasamtökunum og Kaupmannasamtökum Íslands góðar kveðjur og bestu þakkir fyrir hlýhug í garð Reykjalundar og þeirra sem þurfa á þjónustu Reykjalundar að halda.




## Bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2021

**Óskað er eftir umsóknum og tilnefningum um bæjarlistamann Mosfellsbæjar 2021.**

Menningar- og nýsköpunarnefnd Mosfellsbæjar auglýsir eftir umsóknum frá listamönnum búsettum í Mosfellsbæ og/eða rökstuddum ábendingum um einstaklinga eða samtök listamanna sem hljóta nafnbótina Bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2021. Þeir einir koma til greina við tilnefningu bæjarlistamanns sem hafa verið virkir í listgrein sinni og búið í Mosfellsbæ um tveggja ára skeið.

Bæjarlistamaður mun á því ári sem hann er tilnefndur í samvinnu við menningar- og nýsköpunarnefnd kynna sig og verk sín innan Mosfellsbæjar. Ennfremur mælist nefndin til þess að „Bæjarlistamaður Mosfellsbæjar“ láti nafnbótina koma fram sem víðast, bænum og listamanninum til framdráttar. Auk nafnbótarinnar er bæjarlistamanni veittur menningarstyrkur og verður útnefning að vanda tilkynnt í tengslum við bæjarhátíð Mosfellsbæjar, Í túninu heima.

Ábendingar skulu berast rafrænt í gegnum heimasíðu bæjarins og þurfa að hafa borist í síðasta lagi 1. júlí 2021.

Nánari upplýsingar inni á vef Mosfellsbæjar www.mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

MOSFELLSBÆR



ALLT FASTEIGNASALA

# ALLT ER NÚ Í MOSFELLSBÆ

## Velkomin til ALLT fasteignasölu í Mosfellsbæ

Þessa dagana er rífandi sala á fasteignum á landsvísu. Síðastliðinn mars voru gefnir út 1.488 kaupsamningar um íbúðarhúsnæði samkvæmt tölum frá Þjóðskrá Íslands. Ekki hafa fleiri viðskipti átt sér stað í stökum mánuði frá upphafi mælinga eða frá árinu 2006. **Núna er góður tími til að selja.** Við leggjum áherslu á ánægju bæði kaupanda og seljanda og sýnum öryggi og nákvæmni í öllum vinnubrögðum. Við látum hlutina ganga upp.



**ALLT er að Þverholti 2**

ALLT FASTEIGNASALA

ALLT fasteignasala er staðsett á fjórum stöðum, á Stór-Reykjavíkursvæðinu í Mosfellsbæ, Reykjanesbæ, Grindavík og Vestmannaeyjum ásamt því að reka Sólareignir sem er sala á eignum erlendis. Fasteignasalan leggur metnað sinn í að koma á móts við viðskiptavini ásamt því að vera hágæða fasteignasala.

Sími 560-5505
allt@allt.is, allt.is



ÁSTRÓS HIND OG TANJA RASMUSSEN

*Listin og lífið • Kynntust á Bókasafninu • Vikulegir þættir*

# Mosfellskt hlaðvarp um bókmenntir

Vinkonurnar Tanja Rasmussen og Ástrós Hind Rúnarsdóttir eru með hlaðvarpið Listin og lífið sem aðgengilegt er á öllum helstu streymisveitum.

Þar fjalla þær stöllur aðallega um bókmenntir á skemmtilegan og opinn hátt. „Við höfum líka alveg tekið fyrir lagatexta, ljóð og langar alveg að fjalla um leikrit og fleira sem tengist bókmenntum.

Við kynntumst á Bókasafni Mosfellsbæjar þar sem við höfum báðar starfað og við deilum sömu áhugamálum sem eru bókmenntir, við skrifum báðar, höfum gengið í sömu skólana, báðar búið í Danmörku og höfum svipaða sýn á lífið og tilveruna,“ segir Ástrós Hind.

### Bókmenntaumræða á léttum nótum

Tanja sem er 23 ára og Ástrós Hind sem er 19 ára eru báðar Mosfellingar, Tanja er íslenskufræðingur frá HÍ og Ástrós er nemi í bókmenntafræði og ritlist.

„Þetta ævintýri byrjaði með því að ég gerði nokkra þætti með vinkonu minni úr háskólanum, svo hætti hún og mér fannst engin önnur koma til greina að halda þessu áfram með mér en Ástrós. Við reynum að vera með vikulega þætti þar sem við fjöllum um bækur sem hafa haft mikil áhrif á okkur. Okkur fannst vanta bókmenntaumræðu á léttum nótum sem er ekki of háfleyg, þannig að hver sem er getur hlustað og tengt við okkar upplifun,“ segir Ástrós Hind.

### Hlustendur á öllum aldri

„Við höfum fengið mjög góð viðbrögð við þáttunum og upplifum að okkar hlustendur eru á öllum aldri. Við reynum að vera virkar á samfélagsmiðlum eins og Instagram og Facebook og látum vita þegar nýr þáttur er kominn í loftið.

Okkur finnst rosalega gaman að fá viðbrögð frá fólki og tökum vel í allar ábendingar um áhugaverð umfjöllunarefni. Við viljum vera í góðum samskiptum við okkar hlustendur og fá viðbrögð við þáttunum okkar,“ segja þær vinkonur að lokum og hvetja alla Mosfellinga til að fylgja Listin og lífið á Instagram og Facebook.






VARMÁRSKÓLI Í MOSFELLSBÆ

*Reynir á samvinnu margra • Reglubundin upplýsingagjöf*

# Viðhald og úrbætur á húsnæði Varmárskóla

Mosfellsbær fékk EFLU verkfræðistofu til að vinna að heildarskimun húsnæðis Varmárskóla, eldri og yngri deild og var sú niðurstaða kynnt skólanum og foreldrasamfélaginu á vel sóttum opnum fundum. Fundirnir voru teknir upp og hafa verið aðgengilegir á vef Mosfellsbæjar.

Á grunni heildarskimunar EFLU hefur Mosfellsbær síðastliðin tvö ár unnið kerfisbundið að viðhaldi og endurbótum í Varmárskóla, Brúarlandi og í íþróttahúsinu að Varmá. Í þeim afmörkuðu tilvikum sem viðgerðir hafa beinst að rakaskemmdum hefur sveitarfélagið í samvinnu við EFLU valið verktaka sem hafa farið í gegnum sérstaka þjálfun við að uppræta rakaskemmdir í húsnæði. Áætlað er að þeim framkvæmdum sem teknar hafa verið ákvarðanir um verði lokið á næstu mánuðum.

### Viðhald og endurbætur í Varmárskóla

Frá sumrinu 2019 hefur verið unnið jafnt og þétt samkvæmt fyrirliggjandi áætlun að viðhaldi og endurbótum. Framkvæmdum lauk í kennslurýmum skólans sumarið 2020 en það eru þau rými sem nemendur dvelja lengst í. Framkvæmdirnar voru unnar á grundvelli ráðgjafar EFLU sem var að stofni til sett fram á grunni úttektar verkfræðistofunnar en auk þess var EFLA til ráðgjafar við Mosfellsbæ og verktaka á meðan á framkvæmdum stóð.

Byggingarefni sem samkvæmt úttekt frá sérfræðingi innihéldu asbest voru fjarlægð sumarið 2020 bæði í yngri og eldri deild Varmárskóla. Allar slíkar framkvæmdir lúta ströngu eftirliti bæði Vinnueftirlitsins og Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis sem veitir sértakt leyfi til slíkra framkvæmda.

Eins og reglur gera ráð fyrir voru tekin loftsýni áður, á meðan og eftir að þessum framkvæmdum lauk og staðfestu þau að engin hættuleg efni fóru af stað í umhverfinu og eftirlitsaðilar gerðu engar athugasemdir við framkvæmdina sem er lokið.

### Samkvæmt áætlun í Brúarlandi

Samkvæmt áætlun lauk endurbótum í Brúarlandi sumarið 2020, en þar var fjarlægt rakaskemmt byggingarefni úr starfsmannarými og fataklefum á fyrstu hæð. Samhliða þessum aðgerðum var drenlögn við húsið endurnýjuð ásamt tengdum framkvæmdum. Einnig var rakaskemmt efni fjarlægt úr þakrými auk þess að klæðningar í kringum kvista voru þéttar sem er hefðbundin álagspunktur í öllum þökum.

Þak Brúarlands er því fyllilega þétt en ekki hefur verið tekin ákvörðun um þakskipti þar en til samræmis við ráðgjöf EFLU um mótvægisaðgerðir er þakið nú með undirþrýstingi. Taka DNA-sýna lauk í maí 2021 og unnið er að greiningu þeirra.

### Framkvæmdir við ytra byrði

Umfangsmiklar framkvæmdir á þaki, útveggjum og gluggum hafa verið í gangi undanfarin ár í Varmárskóla (yngri deild). Þannig var þak elsta hluta yngri deildar endurnýjað sumarið 2019 og sumarið 2020 var lögð lokahönd á þakskipti í austurálmu yngri deildar.

Sumarið 2021 er fyrirhugað að skipta um glugga á suður- og norðurhlið, veggklæðning endurnýjuð og að hafa þakskipti á vesturálmu. Miðað er við að framkvæmdatíminn í skólaleyfi nægi til þess að ljúka öllum umræddum framkvæmdum við ytra byrði.

Loks er stefnt að því að þak Kringlu verði endurnýjað eigi síðar en 2022. Ástæða þess að framkvæmdunum er skipt niður í áfanga er sú að framkvæmdatími í skólum er eingöngu sumartíðin enda útilokað að háværar og umfangsmiklar framkvæmdir geti átt sér stað í skóla í fullri starfsemi

### Framkvæmdir við íþróttahús að Varmá

Nokkuð hefur verið fjallað um framkvæmdir í íþróttahúsinu að Varmá meðal annars í frétt sem var í Mosfellingi. Framkvæmdir í íþróttamiðstöðinni að Varmá voru bæði til þess að bæta aðstöðuna en einnig beindust þær að því aðlaga rakaskemmdir í samræmi við niðurstöðu skimunar EFLU. Áður höfðu átt sér stað endurbætur á öllum íþróttasölum og gangarýmum ásamt því að tveir búningsklefar voru teknir í gegn.

Í ár lýkur vinnu við endurbætur síðari tveggja klefanna á ganginum við búningsklefa auk þess sem kjallaraklefar íþróttamiðstöðvarinnar verða endurbættir. Endurbótum á þaki íþróttahússins, yfir sal 1-2 og búningsklefum lauk síðasta sumar í samvinnu við VSÓ ráðgjöf.

### Heildaskimun á öllu kennsluhúsnæði

„Mosfellsbær hefur nú sem fyrr metnað fyrir því að skapa nemendum sem allra besta aðstöðu í skólum bæjarins,“ segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri. Það er verkefni sem reynir á samvinnu margra aðila innan og utan skólanna.

Við höfum leitað eftir bestu þekkingu og reynslu sem völ er á þegar kemur að viðgerðum tengdum raka með það að markmiði að uppræta aðstæður sem auka hættu á örveruvexti með tilheyrandi heilsufarslegri áhættu.

Við höfum eitt sveitarfélaga ráðist í heildarskimun á öllu kennsluhúsnæði og tekið upp reglubundnar loftgæðamælingar. Samvinna um verkefni sem þetta er lykilþáttur og reglubundin upplýsingagjöf skiptir máli og við höfum tekið eftir því að hluti foreldra telur að Mosfellsbær hafi ekki staðið sig nógu vel í þeim þætti. Í því samhengi skiptir máli að framkvæmdatími í skólum er eingöngu sumarið og takmarkaðar framkvæmdir hafa átt sér stað frá síðasta hausti,“ segir Haraldur.

# Íslenska áburðarfjölskyldan

Góður alhliða áburður fyrir alla ræktun og uppgræðslu.
Áratuga reynsla og árangur.




Fræblöndur með harðgerðum yrkjum sem skila góðum árangri



Fæst í verslunum um land allt

Sendum um allt land
www.fodur.is

FÓÐURBLANDAN

Fóðurblandan - Korngörðum 12 - 104 Reykjavík - Sími 570 9800 - Fax 570 9801 - fodur@fodur.is - www.fodur.is

*Útskriftarhátíð Framhaldsskólans í Mosfellsbæ 28. maí • Helga Halldórsdóttir með hæstu einkunn á stúdentsprófi*

# 28 NEMENDUR ÚTSKRIFAÐIR FRÁ FMOS

Útskriftarhátíð Framhaldsskólans í Mosfellsbæ fór fram föstudaginn 28. maí við hátíðlega athöfn í húsnæði skólans við Háholt 35 og var streymt beint á vefnum.

Að þessu sinni voru 28 nemendur brautskráðir. Af félags- og hugvísindabraut voru brautskráðir sex nemendur og einn af náttúruvísindabraut. Af opinni stúdentsbraut voru brautskráðir nítján nemendur og af sérnámsbraut voru brautskráðir tveir nemendur.

Viðurkenningu frá Mosfellsbæ fyrir hæstu einkunn á stúdentsprófi fékk Helga Halldórsdóttir en hún fékk einnig viðurkenningu fyrir besta árangur í umhverfisfræði, raungreinum, íslensku og ensku.

Viðurkenningu fyrir góðan árangur í félagsgreinum fékk Aron Can Gultekin og viðurkenningu fyrir góðan árangur í handverki og textíl fékk Natalia Senska. Viðurkenningu fyrir góðan árangur í myndlist fékk Tinna Maren Jóhannsdóttir og fyrir góðan árangur í spænsku og stærðfræði fékk Guðbjörg Liv Margrétardóttir viðurkenningu.






BJARKI FORSETI BÆJARSTJÓRNAR VEITIR VIÐURKENNINGU

Stella Tong Haraldsdóttir fékk viðurkenningu fyrir góðan árangur í sálfræði og fyrir góðan árangur í umhverfisfræði fengu Snædís Bára Hrafnsdóttir og Zsolt Kolcsar viðurkenningu.



ÁGÚSTA KATRÍN SYNGUR

Myndir/RaggiÓla




MOSFELLSBÆR

## Nýtt deiliskipulag Ævintýragarðsins í Mosfellsbæ

**Mosfellsbær auglýsir hér með nýtt deiliskipulags, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar 19.05.2021.**




Nýtt deiliskipulag er unnið á grundvelli verðlaunatillögu í hugmyndasamkeppni um Ævintýragarð sem haldin var árið 2009. Deiliskipulagssvæðið er staðsett í Ullarnesbrekkum og afmarkast af Vesturlandsvegi til austurs, Köldukvísl til norðurs að meðtöldum Suðureyrum og mörkum Varmárskólasvæðis til suðurs.

Aðal aðkoma bílaumferðar er frá jöðrum garðsins, um Tunguveg og frá Vesturlandsvegi, en þaðan er líka þjónustuaðkoma að miðsvæði. Neðan við aðkomuna frá Vesturlandsvegi liggur miðsvæði garðsins sem er fjölnota svæði fyrir menningarviðburði s.s. útileikhús, ljóðalestur, söngskemmtanir svo og stærri atburði eins og tónleikahald, markaðsdaga, minni íþróttaviðburði og sýningarsvæði fyrir útilistaverk svo eitthvað sé nefnt, hjartað í garðinum. Við þjónustumiðstöðina við Tunguveg er reiknað með stað fyrir nýtt tjaldsvæði og leiksvæði. Innan garðsins eru einnig ýmsir aðrir áningarstaðar og leiksvæði, þrekstöðvar, skíða- og sleðabrekkur, minigolf, hundagerði, fuglaskoðunarhús, matjurtagarðar, fjallahjólabraut, gönguskíðabraut, hjólastígar, reiðstígar, léttir stígar og hengibrú.

Tillagan og greinargerð verður aðgengileg á vef Mosfellsbæjar, **mos.is/skipulagsauglysingar**, og á Upplýsingatorgi, Þverholti 2 svo þeir sem vilja get kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar, ásamt helstu upplýsingum um sendanda, og senda skal þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær, eða í tölvupósti á **skipulag@mos.is**.

Athugasemdafrestur er frá 3. júní 2021 til og með 19. júlí 2021.

**Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar**

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

verholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

# JÚ-HÚ-NÍ

## SPENNANDI VIÐBURÐIR Í KEILUHÖLLINNI Í JÚNÍ

Fylgstu með dagskránni á Facebooksíðu Keiluhallarinnar. facebook.com/keiluhollin

**Bókaðu borð tímanlega á keiluhollin@keiluhollin.is**



















## BOLTATILBOÐ Í GANGI Á ÖLLUM LEIKJUM Í BEINNI

**12" PIZZA MEÐ TVEIMUR ÁLEGGJUM 1.990 KR.** EÐLAN MEÐ NACHOS 1.890 KR. **BONELESS WINGS 10-12 STK. (FER EFTIR STÆRÐ) 2.490 KR.** KJÚKLINGAVÆNGIR 20 STK. KRISPÝ EÐA HEFÐBUNDNIR 2.490 KR. **STÓR Á KRANA 990 KR.** GOS MEÐ ÁFYLLINGU 290 KR.

NÚ GETUR ÞÚ BÓKAÐ BRAUT Á NETINU

keiluhollin.is

Keiluhöllin EGILSHÖLL

s. 5 11 53 00




*Sögufrægt hlaup í Mosfellsbæ • Fer alltaf fram 12. júní*

# 100 ÁRA AFMÆLI ÁLAFOSSHLAUPSINS

Álafosshlaupið fer fram 12. júní eins og undanfarin ár. Í ár er 100 ára afmæli hlaupsins, en það var fyrst hlaupið 1921 og mun umgjörðin taka mið af því. Val stendur á milli tveggja vegalengda, 5 km og 10 km og fer skráning fram á www.hlaup.is.

Hlaupið verður frá Varmárvelli laugardaginn 12. júní kl. 10:00, um austurhluta Mosfellsbæjar. Hlaupið er eftir merktum leiðum sem eru heldur óvenjulegar en hluti leiðarinnar er hlaupin á reiðvegi og malarvegi. Þátttakendum er boðið í sund í Varmárlaug að hlaupi loknu.

**Að frumkvæði Sigurjóns Péturssonar**

Álafosshlaupið er sögufrægt hlaup en það var fyrst hlaupið árið 1921 að frumkvæði Sigurjóns Péturssonar á Álafossi. Kveikjan að hlaupinu var sigling Einars Péturssonar, bróður Sigurjóns, um Reykjavíkurhöfn á kappróðrarbáti sínum með hvítbláa fánann í skut þann 12. júní árið 1913.

Fáninn var síðan tekinn í vörslu danskra varðskipsmanna og herma heimildir að atburðurinn hafi hleypt auknum krafti í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á þeim tíma.



Ungmennafélag Íslands tók fánann síðar upp og gerði að sínum.

Framan af var hlaupið á milli Álafoss og Melavallarins í Reykjavík. Síðar færðist hlaupið í nágrenni Álafoss.

Hlaupið hefur verið haldið með hléum frá árinu 1921. Í kringum 100 manns hafa tekið þátt í hlaupinu síðustu ár og þátttakendur eru á öllum aldri. Frjálsíþróttadeild Aftureldingar stendur fyrir hlaupinu.










natures aid

Hjálpar þér að skara fram úr

# HLAUPTU **LENGRA!**

**20% afsláttur í Apótek Mos út Júní 2021**

**100% náttúruleg rauðrófa í hylkjum, sannkölluð ofurfæða sem íþróttafólk sækist í vegna heilsueflandi eiginleika hennar.**







**Bjarni Jakob Gunnarsson þríþrautakappi, mælir með Rauðrófudufti í hylkjum frá Natures Aid.**

„Ég kynntist gagnsemi rauðrófunnar í gegnum æfingafélaga mína í þríþrautinni sem höfðu verið að neyta þeirra í kringum æfingar og keppnir með frábærum árangri. Ég ákvað því að prófa rauðrófusafa en færði mig fljótt yfir í rauðrófuhylkin frá Natures Aid þau veita mér aukinn kraft, mér finnst ég vera orku meiri og afkasta mun meira á æfingum samhliða notkun hylkjanna.
Hylkin eru frábær lausn fyrir mig ég mæli hiklaust með þeim fyrir alla, sérstaklega íþróttafólk".

Útsölustaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna

# KJÖTBÚÐIN

## HEFUR OPNAÐ Í MOSFELLSBÆ

**SUNNUKRIKA 3**

**OPIÐ**

| | |
|---|---|
| MÁNUDAGA | 11:30-18:00 |
| ÞRI. - FIM. | 11:30-18:30 |
| FÖSTUDAGA | 10:00-18:30 |
| LAUGARDAGA | 11:00-17:00 |
| SUNNUDAGA | 13:00-18:00 |

**Þú færð allt á grillið hjá okkur!**






**JÖKLA** *súkkulaðimús*

**FYRSTU 50 VIÐSKIPTAVINIRNIR Á LAUGARDAGINN FÁ FRÍA MÚS**

**KJÖTBÚÐIN**

www.kjotbudin.is





# VONANDI
## GETUM VIÐ HALDIÐ
# 17. JÚNÍ
## HÁTÍÐLEGAN Í MOSFELLSBÆ

Mosfellsbær

Fylgist með á mos.is þegar nær dregur!



# FRAM UNDAN Á BARION

SPORTIÐ í beinni

**Boltinn í beinni** - fylgstu með á Facebook og Instagram



— 9. JÚNÍ

## JÖKLU-KVÖLD - ÚTGÁFUTEITI

Kynning á nýja rjómalíkjörnum Jöklu sem Mosfellingurinn Pétur Pétursson og Sigríður Sigurðardóttir hafa þróað. Fyrsti áfengi drykkurinn sem framleiddur er úr íslenskri mjólk. Smakk og húllumhæ kl. 20:30.





— 11. JÚNÍ

## EM Í FÓTBOLTA HEFST

Evrópukeppnin hefst 11. júní og stendur yfir í mánuð enda um stærsta knattspyrnuviðburð ársins að ræða. Fótboltaveisla af bestu gerð og að sjálfsögðu í beinni á Barion í dúndur mynd- og hljóðgæðum.



— 12. JÚNÍ

## CREEDENCE-KVÖLD Á BARION

Biggi Haralds mætir með CCR-bandið og heiðrar hina mögnuðu sveit Creedence Clearwater Revival. Tónlistarveisla af bestu gerð. Tryggðu þér sæti á Barion.is (1.500 kr. og innifalinn drykkur)



— 16. JÚNÍ

## BJARTMAR Á BARION

Hæ, hó, jibbí, jei ... Meistari Bjartmar Guðlaugsson mætir með gítarinn og alla sína helstu slagara miðvikudagskvöldið 16. júní kl. 22:00. Tryggðu þér sæti á Barion.is (1.500 kr. og innifalinn drykkur)



— 19. JÚNÍ

## SVENNI ÞÓR MEÐ GÍTARINN

Tónlistarmaðurinn Svenni Þór á Barion laugardagskvöldið 19. júní. Lifandi tónlist kl. 22-24 og frítt inn! Söngvari hljómsveitarinnar Nýju fötin keisarans mætir með gítarinn. Er ég tilbúinn að elska?

HÆGT ER AÐ PANTA BORÐ Í SÍMA 456-4040

BARION_MOSO

ÞVERHOLTI 1 | 270 MOSFELLSBÆ | S. 456-4040 | WWW.BARION.IS | BARION@BARION.IS

# Sumarseðill

## NAUTA CARPACCIO
Karmeliseraðar pekanhnetur, klettasalat, kryddolía, sítróna og parmesan ostur.

**2.195 kr.**

## CARPACCIO BÖRGER
Nauta Carpaccio, japanskt mayo, karmeliseraðar pekanhnetur, klettasalat, rifinn parmesan ostur og basil pestó. Borið fram með sætkartöflufrönskum.

**2.895 kr.**

## SJÁVARRÉTTASÚPA
Hörpuskel, rækjur og bláskel, toppuð með þeyttum rjóma. Borin fram með súrdeigsbrauði og smjöri.

**2.495 kr.**

## SJÁVARRÉTTAPASTA
Ferskt tagliatelle pasta í kremaðri humarsósu með hörpuskel, rækjum og bláskel. Borið fram með hvítlauks súrdeigsbrauði.

**3.195 kr.**

## BEIKON PASTA
Ferskt tagliatelle pasta í rjómaostasósu með beikoni og sveppum. Borið fram með hvítlauks-súrdeigsbrauði.

**2.695 kr.**

FIMM NÝIR RÉTTIR Í NÆSTU VIKU



**CREEDENCE-KVÖLD**
LAUGARDAGINN 12. JÚNÍ KL. 22



**BJARTMAR Á BARION**
MIÐVIKUDAGINN 16. JÚNÍ KL. 22

# TRYGGÐU ÞÉR SÆTI Á BARION.IS

ÞVERHOLTI 1 | 270 MOSFELLSBÆ | SÍMI 456 4040 | WWW.BARION.IS

BARION MATBAR

Sumarlestur
í Bókasafni Mosfellsbæjar
27. maí - 20. ágúst 2021
Vikulegir vinningar fyrir heppna þátttakendur í allt sumar!
Skemmtilegar smiðjur yfir sumartímann.
Hjálpið okkur að búa til stærsta lestrartré sem sést hefur í Mosfellsbæ!


*Bókasafnið í Mosfellsbæ*

# Rithöfundakynning fyrir 5. bekk



Fjöldi 5. bekkinga í Mosfellsbæ kom í heimsókn í Bókasafnið á dögunum. Ástæða heimsóknarinnar var rithöfundakynning sem hefð hefur skapast fyrir að safnið bjóði upp á.

Í ár var það Kristín Ragna Gunnarsdóttir rithöfundur og teiknari sem kom í safnið, kynnti sig og verk sín, og sagði frá því hvernig það væri að vinna sem rithöfundur. Kristín Ragna hefur skrifað fjölda barnabóka, myndskreytt bæði sínar eigin bækur og annarra, ásamt því að standa að bókatengdum sýningum. Börnin voru mjög áhugasöm og fór langur tími í að svara spurningum og velta vöngum yfir ýmsu sem kom upp á meðan á kynningunni stóð.

## Plöntuskiptimarkaður í Bókasafninu

Laugardaginn 12. júní kl. 14-15 verður plöntuskiptimarkaður í Bókasafninu. Þá eru allir blómaunnendur velkomnir með plöntur og græðlinga til að skiptast á við aðra. Kjörið tækifæri til að deila þeirri gleði sem fylgir því að rækta falleg blóm.

*Listasalur Mosfellsbæjar*

# Marglittur svífa

Föstudaginn 28. maí opnaði Iða Brá Ingadóttir sýninguna VERA í Listsal Mosfellsbæjar. Sýningin er innsetning unnin úr blönduðum miðlum. Á veggjunum eru draumkenndar ljósmyndir og úr loftinu hanga glitrandi marglyttur. Á gólfinu er rúm sem sýningargestum býðst að setjast í og upplifa sýninguna í ró og næði. Sýningin er hugsuð sem nokkurs konar vin í amstri dagsins, heilunarstaður og rými til djúpslökunar. Opið er virka daga kl. 12-18 og laugardaga kl. 12-16.





Davíð Ólafsson lög. fast.
david@fastborg.is
ÉG GEF MÉR TÍMA FYRIR ÞIG!
- fagleg og persónuleg þjónusta
HRINGDU Í 897-1533
BORG
FASTEIGNASALA



Fögnum sumri með Dr. BÆK
2021
Dr. Bæk
í Bókasafni Mosfellsbæjar
laugardaginn 5. júní kl. 12-15
Við hvetjum alla hjólreiðamenn til að koma með hjólhesta sína í fría ástandsskoðun hjá doktornum í upphafi sumars. Hann kemur með farandskoðunarstöðina sína, pumpu, olíur og nokkra skiptilykla. Doktorinn skoðar hjólin og vottar heilsu þeirra. Það er því tilvalið að kíkja í Bókasafnið með hjólin og skrá sig í Sumarlestur í leiðinni!
hjólafærni



MOSFELLSBÆR
Laus störf í Mosfellsbæ
Mosfellsbær hefur tekið í gagnið nýjan ráðningarvef.
Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á nýjum ráðningarvef:
www.mos.is/storf
Þverholt 2 I Mosfellsbær 270 I Sími 525 6700 I mos.is
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

Sumarnámskeið Lágafellssóknar
fyrir 6 - 9 ára krakka
1. - 4. bekkur, fædd 2012 - 2015

Tímabil í júní & ágúst:
Vika 1: 14. – 18. júní (frí 17. júní)
Vika 2: 21. – 25. júní
Vika 3: 9. – 13. ágúst
Vika 4: 16. – 20. ágúst
Staðsetning:
Safnaðarheimilið, Þverholti 3
Tími:
kl. 9:00 - 16:00, húsið opnar kl. 8:45

Leikir, ævintýri & fjör!

Skráning og nánari upplýsingar á
www.lagafellskirkja.is





Sumarblómasala
Mosskóga
Er í Dalsgarði Mosfellsdal
Opið alla daga frá 10-18
Signý 864-2858 / Nonni 663-6173





Kristín
Thoroddsen
í 3. sætið
10.-12. júní
Látum verkin tala
PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS
Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI
WWW.KRISTINTHORODDSEN.IS

**Kristín Valdemarsdóttir** *íþróttakennari og ljósmyndari tekur ævintýralegar myndir í náttúrunni*

# Ákvað að taka stóra stökkið

**Kristín Valdemarsdóttir hefur starfað sjálfstætt sem ljósmyndari frá árinu 2019. Myndir hennar hafa vakið mikla athygli enda segja þær sögu og eru draumkenndar og ævintýralegar.**

**Kristín tekur allar sínar myndir úti við og hefur verið dugleg að nota nærumhverfi sitt og þá helst skógana sem eru eins og allir vita annálaðir fyrir mikla náttúrufegurð.**

Kristín er fædd í Reykjavík 17. maí 1973 Foreldrar hennar eru þau Þórdís Kjartansdóttir fv. höfuðbeina- og spjaldhryggsjafnari og Valdemar Jónsson fv. píanókennari.

Systkini Kristínar eru þau Unnur f. 1963 og Kjartan f. 1967.

### Kölluðum umhverfið okkar torfuna

„Ég ólst upp í Reykholti, innst í Reykjahverfinu, það var dásamlegt að alast þar upp í sveitasælunni og frelsinu. Við vinkonurnar kölluðum umhverfið okkar torfuna, og gerum enn.

Það var ýmislegt brallað á þessum tíma, skautadans, sundlaugastundir og heyskapur og svo lékum við okkur við krakkana í Reykjahverfinu. Ég fór líka þrjú sumur í sveit á Snæfellsnesi á mínum æskuárum.“

### RR bekkurinn

„Ég gekk í Varmárskóla og Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar og var í sama bekknum öll árin, dreifbýlisbekknum. Við vorum víst ansi skrautlegur bekkur og það var ýmislegt brallað.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir var umsjónarkennarinn okkar í Gaggó og hún náði stjórn á bekknum enda vorum við sko í RR bekknum, röð og regla,“ segir Kristín og hlær.

„Ég hóf síðan nám á íþróttabraut við Fjölbrautaskólann við Ármúla og fór svo sem au pair til New York. Eftir það fór ég í Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni og útskrifast 1998 og hóf síðan störf hjá ÍTR í félagsmiðstöðinni Árseli. Frá 17-28 ára starfaði ég í sumarvinnu hjá Reykjalundi við hin ýmsu störf.“


Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is


### Líður eins og stoltri frænku

„Ég byrjaði að kenna íþróttir og sund í Varmárskóla 2006 og starfaði þar til 2019. Ég er búin að eiga frábæran tíma í þessum skóla með æðislegu samstarfsfólki.

Ég hef fylgt ansi mörgum nemendum í gegnum þeirra skólaferil og þykir rosalega vænt um þau öll. Að fylgjast með þeim dafna á vegferð sinni eftir útskrift fær mig til að líða eins og stoltri frænku.

Vorið 2019 fann ég að það var kominn tími á breytingar og ákvað því að taka stóra stökkið, fara úr örygginu og hætta að kenna. Ég skráði mig í nám í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun hjá Endurmenntun, virkilega gefandi nám. Meðfram því prófaði ég að starfa aðeins við áhugamál mitt, ljósmyndun, og það gekk svo vel að ég starfa alfarið við það í dag.”



*Fjölskyldan, Ágúst, Matthildur, Karólína og Kristín.*



### Þetta er ótrúleg saga

Kristín kynntist Ágústi Hlyni Guðmundssyni rafeindavirkja 1996 en hann starfar sem ráðgjafi hjá AZ Medica. Þau eiga tvær dætur, Matthildi f. 2004 og Karólínu f. 2008, sem báðar eru ættleiddar frá Kína.

„Í frítíma fjölskyldunnar finnst okkur skemmtilegast að ferðast en við höfum einnig verið að sýsla við ýmislegt heimavið. Við keyptum eitt elsta húsið í Mosfellsbæ, Blómvang við Reykjamel en það var byggt 1926 og er fyrsta garðyrkjulögbýli á Íslandi. Við gerðum það upp og bjuggum þar í 18 ár.

Árið 2018 keyptum við æskuheimili mitt, Reykholt, þegar foreldrar mínir fluttu og við gerðum það líka upp. Það er yndislegt að vera komin aftur á æskustöðvarnar í sveitinni. Við eigum einnig sumarbústað með foreldrum mínum á Hellnum á Snæfellsnesi og þar elskum við að vera.

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á sögu Mosfellssveitar og stofnaði því hópinn „Gamlar myndir í Mosfellssveit“ á Facebook. Mér fannst vanta vettvang til að halda utan um myndir og fróðleik frá sveitarfélaginu. Þetta er nefnilega ótrúleg saga sem nauðsynlegt er að varðveita og skemmtilegast er þegar hún kemur frá íbúunum sjálfum.“

### Alltaf opin fyrir ættleiðingu

Þegar kom að því að stækka fjölskylduna þá gekk það ekki eins og skyldi. Ágúst og Kristín leituðu því til tækninnar sem gekk heldur ekki eftir. Þau voru ávallt opin fyrir ættleiðingu og ákváðu að fara í það ferli frekar en að festast í tækniferlinu.

„Árið 2004 var biðtíminn í Kína frekar stuttur svo við ákváðum ættleiðingu þaðan. Það er heilmikið ferli sem þarf að fara í gegnum áður en endanlegt leyfi er gefið út.

Við biðum í sjö mánuði en okkur fannst þetta heil eilífð. Loksins komu upplýsingar og mynd af eins árs gamalli fallegri stúlku. Þvílík gleði, frá þeirri stundu urðum við foreldrar, hún var fallegasta barn í heimi.“

### Þetta var magnað ferðalag

„Það var ólýsanlegt að kynnast Kína, fæðingarlandi dóttur okkar, en maður átti samt erfitt með að upplifa því við vorum að verða foreldrar og hugurinn því annars staðar. Stundin sem við fengum hana í fangið er ólýsanleg, hún var okkar frá fyrstu mínútu og aðlögunin gekk vel.

Við vissum það um leið og við komum heim að þessa tilfinningu vildum við upplifa aftur. Við byrjuðum því næsta ferli um leið og við máttum eða ári síðar. Það ferli tók aðeins lengri tíma þar sem biðtíminn hafði lengst í Kína en við höfðum Matthildi til að knúsa svo biðin var bærilegri.“

> *Ástæðan okkar var að við áttum í erfiðleikum með að eignast börn á hefðbundinn hátt en fengum samt dæturnar okkar á annan hátt, það var skrifað í skýin.*

### Þetta var skrifað í skýin

„Fjórum árum síðar fengum við símtalið frá Íslenskri ættleiðingu að það væru komnar upplýsingar um litla stúlku, tæplega eins árs og hún fékk nafnið Karólína. Við urðum strax ástfangin og gengum með myndina af henni í vasanum í 3 mánuði áður en við flugum út. Matthildur var þá 5 ára og hún kom að sjálfsögðu með okkur.

Aftur upplifðum við þessa töfrandi og ólýsanlegu tilfinningu þegar við fengum hana í fangið, tilfinningu sem enginn skilur nema sá sem hefur ættleitt. Við hefðum ekki getað verið heppnari og hefðum við ekki getað ímyndað okkur fjölskyldu okkar neitt öðruvísi.

Það er bara þannig að þegar einar dyr lokast þá opnast aðrar, ég trúi því að það sé ástæða fyrir öllu. Ástæða okkar var að við áttum í erfiðleikum með að eignast börn á hefðbundinn hátt en fengum samt dæturnar okkar á annan hátt, það var skrifað í skýin.“

### Dugleg að nota náttúruna í Mosó

Kristín starfar sem ljósmyndari í dag og tekur aðallega myndir úti í náttúrunni. Stílnum hennar má lýsa sem draumkenndum og ævintýralegum, myndir sem segja sögu.

„Ég er búin að hafa áhuga á ljósmyndun í langan tíma en byrjaði fyrir alvöru þegar dætur mínar voru yngri. Ég tók mikið af myndum af þeim og sótti ýmis námskeið til að bæta við þekkingu mína. Ég fór svo að fá fyrirspurnir frá fólki hvort ég tæki að mér að taka myndir. Ég ákvað því að prófa að taka stóra stökkið og fór út í sjálfstæðan rekstur sem ljósmyndari, www.kristinvald.com.

Það gengur bara fínt en ég er svolítið háð veðri þar sem ég er ekki með stúdíó og tek því bara myndir úti. Ég hef verið dugleg að nota náttúruna hér í Mosó eins og í Reykjalundar- og Hamrahlíðarskógi.

Þó að ég hafi farið út í ljósmyndun þá er aldrei að vita hvað maður tekur sér fyrir hendur í framtíðinni, ég er nefnilega ekki ennþá búin að ákveða hvað ég ætla að verða þegar ég verð stór,“ segir Kristín og hlær þegar við kveðjumst.

## HIN HLIÐIN

**Eftirminnilegasta ferðalagið?** Ferðirnar tvær sem ég fór til Kína árin 2005 og 2009 til að sækja dætur mínar.

**Hver er besta ákvörðun sem þú hefur tekið?** Að ættleiða dætur mínar.

**Bókin á náttborðinu?** Er með enga eins og er en er með nokkrar í símanum mínum sem ég hlusta á í göngutúrum.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?** Að ferðast með fjölskyldunni innan- og utanlands.

**Ef þú fengir eina ósk, hvers myndir þú óska þér?** Heilbrigði hjá mér og mínum.

**Draumaborgin?** Annecy í Frakklandi er yndisleg, hún hefur upp á allt að bjóða, fjöll allt um kring og umhverfið stórkostlegt.

**Hvað heillar þig í fari fólks?** Bros sem nær til augnanna og góður húmor.

**Hvaða matur freistar þín?** Hef mjög einfaldan smekk og viðurkenni að ég er gikkur, grillmatur er alltaf góður.



KRISTÍN 7 ÁRA



ÚTSKRIFT



SYSTURNAR KARÓLÍNA OG MATTHILDUR

*Myndir: Ruth Örnólfsdóttir og úr einkasafni.*

100 ÁRA

# ÁLAFOSS

## - HLAUPIÐ -








### LAUGARDAGINN 12. JÚNÍ

# KL. 10:00

**Hlaupið verður frá Varmárvelli um austursvæði Mosfellsbæjar og býður Mosfellsbær öllum þátttakendum í sund í Varmárlaug að hlaupi loknu.**

TVÆR VEGALENGDIR: 5 KM OG 10 KM

Hlaupið er eftir merktum leiðum en samt óvenjulegum, göngustígum og malarvegum. Á brattann er að sækja fyrri helming en síðan er farinn malarvegur eða stígar niður í mót. Drykkir verða veittir í hlaupi í 10 km leiðinni og við endamark fyrir alla. Heildarhækkun í 10 km brautinni er um 130 metrar.




**SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.HLAUP.IS**

ÁLAFOSSHLAUPIÐ

UMFA

Frjálsíþróttadeild
Aftureldingar




ÍSFUGL · ÍSTEX · sportvörur · Fasteignasala Mosfellsbæjar · Deilir Technical Services · MJÓLKURSAMSALAN · macron · BARION MATBAR · MOSFELLINGUR · Run on clouds. · BORGARPLAST · debe.is · HREYSTI · MOSFELLSBAKARÍ · ÁLAFOSS WOOL STORE 1896 · ALEFLI EHF BYGGINGAVERKTAKAR



MOSFELLSBÆR

# Viltu eiga þátt í að móta æsku landsins?

**Hulduberg leitar að leikskólasérkennara/þroskaþjálfa, eða aðila með sambærilega menntun og reynslu sem nýtist í að veita stuðning við nemanda.**

Laus staða á leikskólanum Huldubergi frá ágúst 2021 eða eftir nánari samkomulagi.

Hulduberg er sex deilda skóli, með 102 börn á aldrinum eins árs til þriggja ára. Við störfum samkvæmt aðalnámskrá leikskóla með áherslu á umhyggju, snemmtæka íhlutun, upplifun, leik og gleði. Hulduberg er þátttakandi í vináttuverkefni Barnaheilla, Blæ. Leikskólakennari vinnur að uppeldi og menntun barnanna. Fylgist vel með velferð þeirra og hlúir að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins svo að þau fái notið sín sem einstaklingar. Um 100% starfshlutfall er að ræða. Helstu verkefni leikskólakennarar eru að veita barni með sérþarfir þjálfun og stuðning, eiga í góðu samstarfi við foreldra, fagaðila og aðra ráðgjafa. Viðkomandi vinnur í nánu samstarfi við sérkennslustjóra.

Mosfellsbær er öflugt og eftirsótt sveitarfélag, þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leyfisbréf kennara með áherslu á sérkennslu, þroskaþjálfamenntun eða sambærilega menntun
- Ábyrgur einstaklingur með reynslu af stuðning við barn með sérþarfir
- Sjálfstæði og metnaður í vinnubrögðum
- Framúrskarandi samskiptafærni
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði

**Umsóknarfrestur er til og með 13. júní 2021.**
Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Þuríður Stefánsdóttir, skólastjóri, Jóna Rún Gísladóttir og Lína Hreiðarsdóttir í síma: 586-8170. Um fullt framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

















# Sumar NÁMSKEIÐ

## FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

**Bókasafn Mosfellsbæjar** - *Ritsmiðja fyrir 10-12 ára*
**Bókasafn Mosfellsbæjar** - *Sumarlestur*
**Leikgleði** - *Námskeið fyrir 6-16 ára hjá Leikfélagi Mosfellssveitar*
**Myndlistarskóli Mosfellsbæjar** - *Sumarnámskeið fyrir 6-11 ára*
**Húsdýragarðurinn á Hraðastöðum**
**Reiðskóli Hestamenntar**
**Sumarnámskeið Lágafellskirkju** *fyrir 6-9 ára krakka*
**Sundnámskeið** *Kobba krókódíls og Hönnu hafmeyju*
**Ævintýranámskeið Mosverja**
**Minna Mosfell-Minjar** *Vinnustofa fyrir 9-13 ára*
**Minna Mosfell-Teiknum dýrin** *Vinnustofa fyrir 8-12 ára*
**Rush Iceland** *Sumarnámskeið*

***Öflugt sumarstarf verður í ár en fjöldi námskeiða hefur aldrei verið meiri. Eftirfarandi deildir verða með námskeið:***

**Sumarfjör ÍTÓM** *Áhersla á útivist og almennar íþróttir ásamt tómstundum.*
**Golf- og leikjanámskeið GM**
**Frjálsíþrótta- og sunddeild Aftureldingar** *sameinast í heilsdagsnámskeið*
**Knattspyrnuskóli Aftureldingar** *heldur sitt árlega námskeið*
**Handboltadeild Aftureldingar** *fyrir alla krakka í 1.-5. bekk.*
**Fimleikadeildin** *býður upp á fjölbreytt námskeið, heilan og/eða hálfan dag*
**Körfuknattleiksdeild** *Aftureldingar heldur sitt árlega námskeið*
**Söngsteypan** *Söngur og sköpun 2.- 4. bekkur*
**Söngsteypan** *Söngur og sköpun 5.- 7. bekkur*

**Nú er sumarið að nálgast og að vanda er fjölbreytt frístundastarf í boði fyrir börn og unglinga í Mosfellsbæ.**

**Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á www.mos.is/sumarfristund**



Allir þeir sem vilja koma á framfæri upplýsingum um námskeið fyrir börn og unglinga geta sent upplýsingar á netfangið dana@mos.is



Mosfellsbær

# ÍSLANDSMEISTARAR Í BLAKI



ÍSLANDSMEISTARATITLINUM FAGNAÐ

Frábær uppskera kvennaliðsins Aftureldingar í blaki eftir erfiðan vetur og mörg hlé. Þessar stelpur héldu alltaf áfram þó að Zoom-æfingarnar hafi ekki verið það skemmtilegaasta í heimi og engin mátti hitta neinn eða æfa almennilega. Samstaða liðsins sýndi sig þegar á reyndi og baráttuviljinn kom þeim alla leið.

Stelpurnar lentu undir í undanúrslitunum á móti KA og töpuðu hér heima en fóru norður og gjörsigruðu þær á heimavelli þeirra. Sama gerðist í úrslitunum en aðeins þurfti að vinna tvo leiki til að hampa þeim stóra. Þær töpuðu illa fyrsta leiknum á heimavelli HK en görsigruðu þær að Varmá og einnig í Fagralundi í hreinum úrslitaleik. Frábær liðsheild skilaði þessum sigrum og það sýndi sig í þessum leikjum að allir eru mikilvægir, bæði utan sem innan vallar.



STYRKÞEGAR ÁSAMT STURLU FORMANNI NEFNDARINNAR

*Fá laun frá Mosfellsbæ í sumar • Sjö ungmenni hlutu styrk*

## Íþrótta- og tómstundanefnd styrkir efnileg ungmenni

Íþrótta- og tómstundanefnd Mosfellsbæjar veitti á dögunum styrki til efnilegra ungmenna. Styrkurinn er fólginn í launum frá Mosfellsbæ og greitt er í samræmi við önnur sumarstörf hjá Mosfellsbæ.

Markmiðið er að gefa einstaklingum sömu tækifæri og jafnöldrum þeirra til að njóta launa á sama tíma og þau stunda list sína, íþrótt eða tómstund yfir sumartímann. Við valið er stuðst við reglur sem byggjast á vilja Mosfellsbæjar til að koma til móts við ungmenni sem vegna íþrótta, lista eða tómstunda eiga erfitt með að vinna launuð störf að hluta til eða að öllu leyti yfir sumartímann.

Að þessu sinni sóttu 25 einstaklingar á aldrinum 16–20 ára um. Það var að vanda aðdáunarverður listi hæfra umsækjenda og langt frá því auðvelt verk að velja á milli og bera saman einstaklinga sem stunda svo ólíkar greinar.

Ungmennin sjö sem hlutu ýmist fullan styrk eða hluta styrk eru: Andri Eyfjörð Jóhannesson (tónlist), Agla Þórarinsdóttir (píanó), Hafrún Rakel Halldórsdóttir (knattspyrna), Íris Torfadóttir (fiðla), Kristófer Karl Karlsson (golf), María Eir Guðjónsdóttir (golf), Oliver Ormar Ingvarsson (bogfimi). Á myndina vantar Hafrúnu Rakel og Oliver Ormar.



BIKARINN Á LOFT Á HEIMAVELLI

## Komnir í Grill 66 deildina

Handboltastrákarnir í U-liði Aftureldingar tryggðu sér á dögunum sæti í næstefstu deild karla. Mikil fagnaðarlæti brutust út þegar Valur Þorsteinsson fyrirliði lyfti bikarnum á loft eftir lokaleikinn gegn ÍBV að Varmá. Ungmennaliðið á vafalaust eftir að láta til sín taka í Grill 66 deildinni og innan fárra ára eiga þessir drengir eftir halda uppi meistaraflokki Aftureldingar.

**NÆSTA BLAÐ: 24. JÚNÍ**

Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudaginn 21. júní.




AFTURELDINGAR VÖRURNAR FÁST HJÁ OKKUR

JAKO SPORT ÍSLANDI

NAMO EHF. - SMIÐJUVEGI 74 (GUL GATA) - 200 KÓPAVOGI

Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is

# AFTURELDING

## SUMARNÁMSKEIÐ

SUMARNÁMSKEIÐIN ERU FRÁBÆR LEIÐ TIL AÐ PRÓFA ÍÞRÓTTIR OG KYNNAST Í LEIÐINNI ÞJÁLFURUNUM



**FIMLEIKAR - 8:00- 16:00**



**SUND OG FRJÁLSAR**
**SAMEIGINLEG NÁMSKEIÐ FRÁ 9:00- 16:00**



**KNATTSPYRNA - 9:00- 12:00**



**HANDBOLTI - 9:00- 12:00**



**KÖRFUBOLTI - 9:00- 12:00**

Frekari upplýsingar á: **AFTURELDING.IS/AFTURELDING/SUMARNAMSKEID/** Í tölvupósti á: **: HANNABJORK@AFTURELDING.IS**



# PRÓFKJÖR

## SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

***SUÐVESTURKJÖRDÆMI***

Kosið verður í prófkjöri Sjálfstæðis-flokksins í Suðvesturkjördæmi í félagsheimilinu í Kjarna.

| | |
|---|---|
| **10. júní** | kl. 17-20 |
| **11. júní** | kl. 17-20 |
| **12. júní** | kl. 09-18 |

*Sjálfstæðisfélag Mosfellinga*

D




BÓLIÐ
FÉLAGSMIÐSTÖÐ

NÚ ER KOMIÐ AÐ ÞVÍ AÐ FÉLAGSMIÐSTÖÐIN BÓL FER Í SUMARFRÍ OG VINNUSKÓLI MOSFELLSBÆJAR TEKUR VIÐ. TAKK KÆRLEGA FYRIR SKEMMTILEGAN OG VIÐBURÐARÍKAN VETUR ÞRÁTT FYRIR STÓRFURÐULEGT ÁSTAND Í HEIMINUM. BÓLIÐ VERÐUR ÞÓ Í SAMSTARFI VIÐ VINNUSKÓLANN ÞEGAR KEMUR AÐ VIÐBURÐUM Í SUMAR OG ÞÁ ERU ALLIR UNGLINGAR MOSFELLSBÆJAR VELKOMNIR.

VINÁTTA OG VIRÐING, STARFSFÓLK BÓLSINS.

facebook.com/bol270 @bolid270

# VIÐHALDSEFNI Á GÓÐU VERÐI




velosit

Viðgerðarmúr
1 - 100 mm
**4.590 kr**

weber
SAINT-GOBAIN




Fjótandi steypublanda
**2.250 kr**




Úti og iðnaðarflot
**5.875 kr**

**Viðgerðir og viðhald á tröppum**



**Inndælingarefni í lekar sprungur**






**Flotefni og þéttimúr á svalir**

**múrefni** ehf

Desjamýri 8 Mosfellsbæ
Sími 4204010 - www.murefni.is



Í túninu HEIMA

# VILT ÞÚ TAKA ÞÁTT?



**Íbúar, félagasamtök og fyrirtæki í Mosfellsbæ eru hvött til að taka virkan þátt í hátíðarhöldunum.**

Bæjarhátíð Mosfellsbæjar, Í túninu heima, verður haldin dagana **27.-29. ágúst**. Hátíðin er sannkölluð fjölskylduhátíð þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í fjölbreyttri dagskrá.
**Ef þið lumið á hugmyndum eða viljið vera með viðburði, þá endilega sendið póst á ituninuheima@mos.is.**







# SUMARFJÖR Í TÓM

**Námskeiðin eru fyrir nemendur í yngstu fjórum bekkjum grunnskóla og einnig fyrir þau sem eru að hefja skólagöngu á komandi hausti.**

*Tilvalið námskeið fyrir þau börn sem eru hætt á leikskólanum og eru að hefja nám í 1. bekk.*

**Öll námskeiðin verða í húsnæði frístundasels Varmárskóla.**
*Sjá allar nánari upplýsingar á www.mos.is og hjá Kristni í síma 662-9981 / kristinnitom@mos.is*
Þau börn sem að þurfa á stuðningi að halda fá hann en þurfa að senda póst á Kristin - kristinnitom@mos.is með helstu upplýsingum. Við bendum foreldrum á að sækja um tímanlega svo hægt sé að manna stuðninginn eftir þörfum.
Sótt er um námskeið á mosfellsbaer.felog.is

**Ath. takmarkaður fjöldi á hvert námskeið.***
Greiða þarf við skráningu. Skráningu skal lokið á hádegi föstudags áður en námskeiðið hefst.
Boðið er upp á morgungæslu frá 8:00-9:00 og síðdegisgæslu frá 16:00-17:00.

**Ef ekki næst lágmarksfjöldi á námskeiðin má búast við að þau falli niður*



Mosfellsbær

# 90%
BÆJARBÚA
# LESA MOSFELLING

*Samkvæmt lestrarmælingu Gallup*



**Lestrarmæling í Mosfellsbæ- niðurstöður í janúar 2020.**
Spurt var: Mosfellingur er bæjarblað sem dreift er í hús í Mosfellsbæ.
*Hefur þú lesið eða flett Mosfellingi á síðastliðnum 3 vikum?*

**Bæjarblaðið Mosfellingur kemur út á þriggja vikna fresti. Dreift frítt í öll hús í Mosfellsbæ.**
Netfang: mosfellingur@mosfellingur.is

MOSFELLINGUR
*Frítt, frjálst og óháð bæjarblað*




# Framtíðin er unga fólksins



Öflugt atvinnulíf til framtíðar, framboð af húsnæði og góðar samgöngur eru forsenda framfara og undirstaða velferðarkerfisins á Íslandi. Samkeppni um unga fólkið er einn af hornsteinum framtíðarinnar. Getur unga fólkið byggt upp sitt líf í Mosfellsbæ, á höfuðborgarsvæðinu, á Íslandi eða velur það að fara eitthvað annað?

Við sem hér búum þekkjum kosti þess hversu mikil lífsgæði eru fólgin í því að hafa greiðan aðgang að náttúru og útivist. Mikilvægi okkar góðu skóla og leikskóla. Hvað samfélagið, félagsstarfið og samhugurinn gefur okkur öllum mikið. Allt þetta þurfum við að varðveita því það eru þessir þættir sem gera Mosfellsbæ að frábærum bæ.

**Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf**

Það er hlutverk stjórnvalda að búa þeim framtíð, skapa heilbrigt og hvetjandi umhverfi fyrir atvinnulífið svo nýta megi krafta okkar einstaklinganna til fulls. Skattkerfið og regluverk atvinnulífsins á að vera einfalt og sanngjarnt og hvetja til fjárfestinga og eðlilegrar samkeppni. Stjórnmálamenn þurfa að skapa skýrt og stöðugt starfsumhverfi fyrir allar atvinnugreinar. Við þurfum að vera meðvituð um að tryggja meiri fjölbreytileika í íslensku atvinnulíf og það á ekki síður við hér í Mosfellsbæ.

**Bryndís Haraldsdóttir í 2. sæti**

Ég hef verið þeirrar gæfu aðnjótandi að sitja á þingi í 5 ár sem 2. þingmaður Suðvesturkjördæmis. Ég var bæjarfulltrúi hér í Mosfellsbæ í 8 ár og varabæjarfulltrúi 8 ár þar á undan. Ég var lengi formaður skipulagsnefndar og formaður bæjarráðs, ég var forseti bæjarstjórnar, stjórnarformaður Strætó og sat í svæðisskipulagsnefnd.

Ég hef látið mig ýmis mál varða, bæði í sveitarstjórn og á þingi, og eitt þeirra mála eru samgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Það er mikilvægt að horft sé til framtíðar og horft sé á raunhæfar lausnir fyrir svæðið allt. Ég er stolt af því að hafa komið að og stutt höfuborgarsáttmálann, samning á milli ríkis og sveitarfélaga um alvöru uppbyggingu samgöngumannvirkja þar sem horft er til fjölbreyttra samgöngukosta, bæði einkabílsins og almenningssamgangna.

Ég hef líka kallað eftir Sundabraut strax og lagt fram þingsályktun um að hún verði boðin út í einkaframkvæmd.

Ég sækist nú eftir því að fá að vinna áfram fyrir Mosfellsbæ og unga fólkið okkar að því að byggja upp öruggt, frjálst og opið og gott samfélag þar sem allir geta nýtt tækifærin sín. Ég býð fram krafta mína, reynslu og þekkingu.

*Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks, gefur kost á sér í 2. sæti í prófkjöri flokksins í SV-kjördæmi 10.-12. júní næstkomandi.*




# Látum verkin tala



Íslendingar eru í grunninn samheldin þjóð og þegar á reynir stöndum við saman og klárum verkefnin. Áskoranir komandi missera verða margvíslegar og þar er einna stærsta verkefnið uppbygging og endurreisn atvinnulífsins.

Með því að taka lítil en ákveðin skref munum við komast í gegnum verkefnin. En til að halda uppi traustu og öflugu atvinnulífi þurfum við sterka einstaklinga, unga sem aldna og sterka forystu. Við þurfum að hlúa að fólkinu til að gera því kleift að takast á við verkefnin, fyrir okkur öll.

**Stöndum með unga fólkinu okkar – framtíðaríbúum landsins**

Á undanförnum árum hefur unga fólkið okkar þurft að færa fórnir og setja líf sitt á hilluna um stund og það er aðdáunarvert hvernig því hefur tekist það. Inn á milli leynast þó brotnir einstaklingar, líklega fleiri en okkur grunar, sem þurfa stuðning og skýr markmið fyrir framtíðina. Við státum okkur af sterku heilbrigðiskerfi og sterku menntakerfi. En erum við að gera allt sem við getum til að grípa unga fólkið?

Við höfum félagsmiðstöðvar fyrir ungt fólk að 16 ára aldri en eftir situr hópur ungs fólks á aldrinum 16-25 ára sem þarf á stuðningi að halda. Sem formaður fræðslumála hjá Hafnarfjarðarbæ og bæjarfulltrúi veit ég að líðan fjölda ungs fólks er alls ekki góð núna eftir COVID. Það er því einstaklega mikilvægt að nýta öll þau úrræði sem til eru. Þekking og reynsla er til staðar, en hún er dreifð og óaðgengileg. Það er því mikið baráttumál að stofnað verði miðlægt þekkingarsetur sem Samfés hefur nú þegar unnið grunninn að.

Meginmarkmið verkefnisins er að ná til þeirra sem vinna með ungu fólki á öllu landinu og tryggja þannig samræmt faglegt starf. Slíkt setur hefði það einnig að markmiði að veita ungu fólki stuðning, styðja við erlent samstarf, samþætta vinnu fagfólks og veita ráðgjöf og stuðning. Það ætti að vera baráttumál allra sem að stjórnmálum koma að veita þessu verkefni brautargengi. Ég mun leggja mitt af mörkum til að þekkingarsetur muni verða að veruleika, til að við getum stolt sagst hafa staðið með framtíð landsins og ungu fólki, hvar sem það er búsett á landinu.

**Sköpum skilyrði fyrir fólk og fyrirtæki**

Til að standa með unga fólkinu okkar er mikilvægt að bakland þess sé sterkt. Öll þekkjum við til fjölskyldna þar sem annar eða jafnvel báðir hafa misst vinnuna og standa höllum fæti sem hefur áhrif á alla fjölskylduna. Við erum baráttuþjóð sem breytir vandamálum í verkefni. Sköpum skilyrði svo hugmyndir fólks fái að vaxa og dafna.

Með því að styðja við einkaframtakið, treysta fólkinu og fyrirtækjum til að skapa hér vinnu og verðmæti munum við áður en langt um líður verða sterkari til að takast á við framtíð okkar og framtíð barna okkar. Þannig getum við byggt upp sterkt samfélag, þannig verðum við sterkari til að bregðast við áskorunum unga fólksins og þannig munum við leysa verkefni nánustu framtíðar. Látum verkin tala og bregðumst strax við vandanum. Við þekkjum söguna, við þekkjum afleiðingarnar. Sofnum því ekki á verðinum!

*Kristín Thoroddsen bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði.*
*Höfundur býður sig fram í 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi sem fram fer 10.-12. júní.*



# Rödd atvinnulífsins inn á Alþingi



Öflugt atvinnulíf er grundvöllur velferðar, framþróunar og hagsældar fyrir alla. Atvinnulífið stendur undir grunnstoðum samfélagsins; menntakerfinu, heilbrigðiskerfinu, velferðarkerfinu, samgöngum, innviðum og menningu. Það er því hagur okkar allra að atvinnulífið blómstri.

**Hvetjandi umhverfi**

Við fæðumst með ólíka forgjöf. Bakland fólks er misjafnt en við þurfum öll að fá tækifæri til að nýta hæfileika okkar. Til þess þurfum við sem samfélag að standa saman og hafa það að sameiginlegu markmiði að byggja upp samfélag sem stuðlar að velferð, lífsgæðum og efnahagslegri sjálfbærni til framtíðar.

Við þurfum að skapa hvetjandi umhverfi þannig að hver og einn finni hvata til þess að láta til sín taka. Þennan hvata má ekki skerða þegar fólk kemst á efri ár. Tækifærin eru víða og við þurfum að virkja kraftinn. Minnka umsvif í rekstri hins opinbera og útvista verkefnum. Það er atvinnulífsins að leiða vöxt á vinnumarkaði og fjölga störfum en ekki hins opinbera.

**Aukin verðmætasköpun**

Við þurfum að auka verðmætasköpun með öflugri innlendri framleiðslu og treysta stoðir útflutningsfyrirtækja því að þar liggur grunnurinn að gjaldeyrisöflun landsins. Þannig tryggjum við stöðug lífskjör í landinu og löðum að erlendar fjárfestingar.

Við þurfum að efla atvinnulífið og auka ráðstöfunartekjur fólks með lágum sköttum og gjöldum. Samkeppnisforskot okkar er græn orka og við þurfum að nýta auðlindir okkar á sjálfbæran hátt til uppbyggingar atvinnulífs hér á landi.

**Menntun, heilbrigði og nýsköpun**

Aðgangur að framúrskarandi og fjölbreyttri menntun og góðu heilbrigðiskerfi er lykilatriði fyrir samfélagið allt. Við eigum að efla nýsköpun á öllum sviðum og bjóða upp á valfrelsi. Framþróun byggist á nýsköpun. Við þurfum að byrja strax í grunnskólum að þjálfa börn í að hugsa á skapandi hátt.

**Með víðtæka reynslu úr atvinnulífinu**

Ég vil nýta víðtæka reynslu mína úr atvinnulífinu á Alþingi. Ég er fædd og alin upp í heimi viðskipta. Ég er einn eigenda og stjórnarformaður framleiðslufyrirtækis í Hafnarfirði. Ég er fulltrúi í fjölskylduráði í Garðabæ sem jafnframt er barnaverndarnefnd bæjarins.

Félagsleg mál, málefni eldri borgara og fatlaðra heyra einnig undir nefndina. Ég brenn fyrir samfélagsmálum og finnst fátt meira gefandi en að eiga góð samskipti við fólk. Ég hef verið framkvæmdastjóri öflugs umræðuvettvangs í 15 ár, þar sem viðfangsefni eru rædd þvert á atvinnugreinar á málefnalegan, uppbyggilegan og árangursríkan hátt.

**Nýir tímar kalla á ný vinnubrögð – þurfum skýra framtíðarsýn**

Alþingi á að vera vettvangur fyrir uppbyggilega og málefnalega umræðu þar sem mótuð er skýr framtíðarsýn. Sem alþingismaður mun ég vinna markvisst að því að efla málefnalega umræðu á milli atvinnulífs og stjórnvalda.

**Virk í starfi Sjálfstæðisflokksins**

Í rúma tvo áratugi hef ég tekið virkan þátt í starfi Sjálfstæðisflokksins. Ég aðhyllist stefnu flokksins um frelsi einstaklingsins, atvinnufrelsi og jafnrétti. Ég býð mig fram í prófkjöri til að geta unnið að krafti á Alþingi að þessum hugsjónum. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu minni www.sigthrudur.is

Ég óska eftir þínum stuðningi í 3. sætið.

*Sigþrúður Ármann*
*Höfundur er lögfræðingur og framkvæmdastjóri. Frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.*


Sumar 2021

Afturelding karfa

UMFA

Vikur í boði: 14.-18. júní, 21.-25. júní, 28. júní – 2. júlí, 5.-9. júlí, 3.-6. ágúst, 9.-13. ágúst og 16.-20.ágúst - Skráning á afturelding.is

Leikjanámskeið körfunnar

Fyrir 1. - 4. bekk Kl. 9-12 virka daga

Þjálfari: Snorri Örn Birgisson – snorri96@gmail.com

Verð: 3500 kr hver vika

Allir sem koma fá bolta og bol að gjöf!

Landsliðsfólk kemur í heimsókn

Boðið upp á gæslu frá 8:30 og fylgd í strætó eftir námskeið með þeim sem þurfa að komast að Varmá á fimleikanámskeið eftir hádegi

Sumaræfingar

| Stelpur: 6.-10.bekkur (´06 -´10) | Minniboltaæfingar fyrir stráka og stelpur (6.bekkur og yngri, fædd 2010 eða seinna) | Strákar: 7.-8.bekkur (´08-´09) | Strákar: 9.bekkur - drengjaflokkur (´07-´05) |
|---|---|---|---|
| Mán, þri og fim kl. 13:00-14:00 | Mán, þri og fim kl. 14:00-15:00 | Mán, þri og fim kl. 15:00-16:30 | Mán, þri og fim kl. 19:00-20:30 |
| Þjálfari: Snorri Örn Birgisson | Þjálfari: Snorri Örn Birgisson | Þjálfari: Sævaldur Bjarnason | Þjálfari: Hlynur Logi Ingólfsson |

8000 kr fyrir sumarið

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

FÓTAAÐGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR
Þverholti 3 - Sími: 566-6612

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~
BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR
Flugumýri 2 - Sími 566-6216

GÓÐIR MENN EHF
Rafverktakar
GSM: 820-5900
• nýlagnir • viðgerðir
• endurnýjun á raflögnum
• hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
• síma og tölvulagnir
Löggiltur rafverktaki

GARÐMENN
...gerum garðinn frægan!
Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.
Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.
Sími 893 5788

FAGVERK

Dreymir þig um eigið húsnæði?
Hafðu samband
Einar Páll Kjærnested
Löggiltur fasteignasali
Fasteignasala Mosfellsbæjar
SÍMI: 586 8080
www.fastmos.is
Fasteignasala Mosfellsbæjar • Þverholti 2 • S. 586 8080 • www.fastmos.is

## HEILSUMOLAR GAUA



### ÞRAUTIN

Við héldum KB þrautina nýverið. KB þrautin er utanvegahlaup með fjölbreyttum þrautum sem gera lífið skemmtilegra. Fólk þurfti til dæmis að klifra yfir veggi og upp kaðla, skríða undir gaddavír, labba í djúpu drullusvaði og upp langa og bratta brekku, bera þunga hluti á milli staða og prófa sig á jafnvægisslá. 100 manns tóku þátt í þrautinni. Sumir fóru þetta sem einstaklingar, aðrir fóru í gegnum þrautina sem lið. Það gladdi mig mikið að sjá og heyra hvað þátttakendur voru ánægðir þegar þeir komu í mark. Ánægðir með að hafa klárað verkefnið, tekist á við erfiðar aðstæður og komist í gegnum þær.

Fólk hafði sérstaklega gaman af þeim þrautum sem komu þeim á óvart, drullugámurinn hans Leibba og A-veggurinn voru oft nefnd í því sambandi. Annað sem gladdi mig mjög var að sjá svipinn á fólki sem var, fyrir þrautina, efins um að það gæti þetta. Það er ólýsanlegur svipur, einhvers konar mögnuð blanda af stolti og gleði.

Mér fannst frábært að sjá öfluga einstaklinga fara í gegnum þrautina af miklum krafti, gefa allt sitt í hana. En það sem mér fannst allra vænst um, var að fylgjast með hópunum sem tækluðu verkefnin sem eitt teymi og fylgdust þannig að í gegnum alla þrautina. Þetta voru ólíkir hópar, vinahópur, stórfjölskylda, vinnufélagahópur og æfingafélagahópur komu meðal annars við sögu í þrautinni og stóðu sig virkilega vel sem sterkar liðsheildir. Sterkari saman, kom vel í ljós í KB þrautinni. Ég er búinn að vera stúdera síðastliðna mánuði hvað einkennir öflug teymi og hvað þarf að hafa í huga við uppbyggingu á sterkum teymum, margt af því sem ég hef verið að læra kom fram hjá þátttakendum í þrautinni.

Það er svo ánægjulegt að geta styrkt aðeins hið góða starf í sumarbúðum Reykjadals eftir hlaupið, en allar tekjur af hlaupinu runnu til þeirra. Njótum sumarsins!



Guðjón Svansson
gudjon@kettlebells.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar
Sími: 586 8080
www.fastmos.is



Stjórnarskipti Lionsklúbbsins 8. maí. Frá vinstri: Bryndís Hilmarsdóttir, Ida Fenger, Þorbjörg Friðriksdóttir, Aðalheiður Erna Gústafsdóttir, Kristín Davíðsdóttir og Sigríður Guðmundsdóttir.



Söfnun á landsvísu: Lokahönd, gleraugnapökkun á notuðum gleraugum frá almenningi og nokkrum gleraugnafyrirtækjum. Þarna eru Lionsklúbbarnir í Mosfellsbæ að leggja sitt af mörkum.

# Sumarkveðja frá Lionsklúbbnum Úu

Starfsár Lions er frá 1. júlí – 30. júní eitt ár í senn og nýjar stjórnir taka við hinn 1. júlí. Á Íslandi hafa klúbbar farið í sumarfrí í maí-júní og byrjað nýja starfsárið í lok ágúst-september.

Úur héldu lokafund sinn 8. maí síðastliðinn en þá voru stjórnarskipti og skil á lokaskýrslum nefnda. Við vorum svo heppnar að geta hist í raunheimum en fundur var haldinn í Safnaðarheimili Lágafellssóknar.

Eftir lokafundinn tók skemmtinefndin við. Hún hafði beðið eftir tækifæri til að geta gert eitthvað húllumhæ, því ekki var hægt að halda okkar aðalfjáröflunarskemmtun í haust út af svolitlu. Nú var tækifærið en með öðru sniði. Það var mikil þörf á að hittast, mikið spjallað, hlegið og sungið að hætti Úu.

Þrátt fyrir skrítið starfsár féll enginn fundur niður en klúbburinn hélt rafræna fundi einu sinni í mánuði á Zoom og var ýmsum málefnum og verkefnum hrundið af stað.

Lions bauð upp á ýmis rafræn námskeið í vetur og gerði klúbbfélögum kleift að eflast og styrkjast.

Hvað stendur upp úr þetta starfsárið?

Samvinna og vinátta félaga sem eru 24. Verkefnin þjöppuðu okkur saman og gerðu okkur kleift að hittast en halda tveggja metra millibili og öðrum sóttvörnum. Má nefna landssöfnun birkifræja, gleraugnasöfnun sem almenningur lagði okkur til og fyrirtæki í Mosfellsbæ leyfðu okkur að hafa söfnunarkassa, einnig íbúar Eirhamra sem lögðu sitt af mörkum.

Í nóvember gátum við ekki boðið almenningi upp á fríar blóðsykursmælingar á alþjóðasykursýkisdeginum, en birtum þess í stað myndir frá Lions á facebook-síðu okkar og klúbbsins „Lionsklúbburinn Úa" með hvatningarorðum um aukna hreyfingu. Flestar okkar tóku sig til og hreyfðu sig daglega og skráðu á appið Charity Miles.

Á aðventunni stóð skemmtinefndin fyrir söng fyrir utan Hamra og Eirhamra í samvinnu við Lkl. Mosfellsbæjar og jólasveinar bættust í hópinn. Sérlega skemmtilegt og gefandi.

Hvernig aflar klúbburinn fjár?

Það var erfitt þetta starfsárið, en góður Lionsfélagi í Reykjavík lagði til tálgverk sitt sem hann gaf klúbbnum og við seldum klúbbfélögum, vinum og vandamönnum. Fyrir það fé gátum við sett styrk í hjálparsjóð Lágafellssóknar 10. desember síðastliðinn á afmælisdegi klúbbsins.

Í lokin, þótt klúbburinn sé kominn í frí, verður árleg gróðursetning í Úulundi í Skammadal í júní. Klúbburinn byrjar nýtt starfsár fyrsta mánudag í september 2021.

Við óskum öllum gleðilegs sumars og þökkum félögum okkar í Lkl. Mosfellsbæjar fyrir samstarfið.

Bendum á facbooksíðuna Lionsklúbburinn Úa.

*Fyrir hönd Lkl. Úu.*
*Dagný Finnsdóttir fjölmiðlanefnd.*

# Hugsum stærra, gerum meira og gerum betur



Það viðhorf er ekki óalgengt hjá fólki á öllum aldri að það skipti engu máli hverjir fari með stjórn landsins eða í sveitarfélögunum, það sé sami rassinn undir öllu þessu liði.

Engin ástæða sé til þess að drattast á kjörstað, þetta verði allt óbreytt eftir kosningar hvort eð er. En er það þannig? Skiptir virkilega engu máli hver heldur um stjórnartaumana?

Reynslan sýnir okkur að það skiptir miklu máli og þá er ég ekki að tala um fjarlæga fortíð, heldur nútímann. Auðvelt er að bera saman stöðu fjármála í sveitarfélögunum hér í Kraganum við ástandið í Reykjavík. Á meðan bæjarstjórnirnar í Kraganum reka bæjarsjóði af ábyrgð, skynsemi og með jákvæðri niðurstöðu við erfiðar aðstæður þessi misserin, en halda um leið uppi fullri þjónustu við bæjarbúa, þá er fjárhagur stærsta sveitarfélagsins á svæðinu – Reykjavíkurborgar – rjúkandi rúst. Og það gerist þrátt fyrir að hún sé langstærsta sveitarfélagið og með alla skattstofna fullnýtta.

Og hver skyldi nú vera galdurinn á bak við þetta? Jú, hann er einfaldur, sveitarfélögunum í Kraganum er stýrt af sjálfstæðismönnum, en Reykjavík lýtur forsjá vinstri flokkanna með Viðreisnarhækjuna sér til stuðnings.

**Samgönguvandi í boði borgarinnar**

Við sem búum í nágrenni borgarinnar þekkjum umferðarteppurnar sem fyrst og fremst eru heimatilbúinn vandi, vegna þess að Reykjavíkurborg sinnir ekki þeim skyldum sínum að greiða fyrir umferðinni. Öll þekkjum við tafirnar á gatnamótum Reykjanesbrautar og Bústaðarvegar, tafir sem kosta óheyrilegar fjárhæðir vegna vinnutaps.

En þótt umferð gangi á margan hátt greiðlega hér á svæðinu, þá þekkjum við nokkra staði þar sem hraða þarf framkvæmdum til þess að greiða okkur leið og auka jafnframt umferðaröryggi allra vegfarenda. Um þessar mundir eiga sér stað miklar framkvæmdir í samgöngumálum, ekki síst í nágrenni höfuðborgarinnar. Ýmsar þeirra eru verkefni sem ég barðist fyrir að kæmu til framkvæmda þegar ég gegndi embætti samgönguráðherra árið 2017.

En fyrirliggjandi framkvæmdaáætlanir munu ekki standast eins og skrifað var upp á í Samgöngusáttmálanum 2019, vegna þess m.a. að leiðsögn skortir hjá ríkinu á sama tíma og Reykjavíkurborg er látin komast upp með það að tefja lykilframkvæmdir. Þar á ég t.d. við mislægu gatnamótin á Reykjanesbraut við Bústaðaveg sem áttu að koma til framkvæmda á þessu ári.

Mér finnst sorglegt að þetta skuli látið viðgangast á meðan brýn lykilverkefni hér í Kraganum fá ekki jafn skjótan framgang og nauðsynlegt væri. Þar er ég m.a. að tala um Arnarnesveginn sem átti að klárast á þessu ári með mislægum gatnamótum við Breiðholtsbraut, en Reykjavíkurborg er látin komast upp með að tefja. Ekki síður er brýnt að hraða bráðnauðsynlegum framkvæmdum í Garðabæ, en þar er búið að setja áform um stokk á Hafnarfjarðarvegi í Garðabæ á framkvæmdaáætlun áranna 2028–2030, en þessi framkvæmd er mjög mikilvæg.

Og í Hafnarfirði er ekki síður aðkallandi að taka fyrr til hendinni en hugmyndir eru uppi um. Þar er ég með í huga algjöra lykilframkvæmd á Reykjanesbraut, þ.e. við Lækjargötu og Álftanesveg, Kaplakrika. Þetta verkefni á að teygja yfir árin 2024 til 2028. Framkvæmdir í Hafnarfirði eiga skv. þessu ekki að hefjast fyrr en í lok næsta kjörtímabils og í Garðabæ í lok þarnæsta kjörtímabils. Það er óásættanlegt.

Mér hefur oft fundist – og ég er alls ekki einn um það – að við framkvæmdir á vegum hins opinbera ríki of oft skammsýni og að unnt sé að hraða framkvæmdum og nýta fjármuni betur en gert er, með fyrirhyggju sem síðan leiðir til sparnaðar. Það hefur margoft komið í ljós að með því að hugsa stærra, gera meira og gera betur má ná fram aukinni hagkvæmni vegna stærðar og umfangs. Það mun, þegar upp verður staðið, geta sparað okkur milljarða í samgönguframkvæmdum. Þann ávinning mætti síðan nota í önnur verkefni, eða skattalækkanir sem ekki er vanþörf á.

*Jón Gunnarsson*
*Höfundur óskar eftir stuðningi í 2. sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Kraganum dagana 10. – 12. júní.*

...fylgstu með okkur á facebook
www.facebook.com/mosfellingur

## Stöðuuppfærslur in your face



**Halldór Ívar Stefánsson**
Söngvari Músíktilrauna 2021
Eilíf Sjálfsfróun í öðru sæti
Ég er ekki ennþá sannfærður um að þetta sé ekki bara draumur, þetta for hreinlega fram úr öllum væntingum
Takk æðislega mikið fyrir okkur :)
*30. maí*



**Arndís G. Bernhardsdóttir Linn**
Hef notið þeirra forréttinda að læra við Listaskóla Mosfellsbæjar í vetur og var við skólaslit skólans í dag í Guðríðarkirkju. Þvílíkur auður sem við Mosfellingar eigum í kennurum og ekki síður nemendum sem sýndu frábæra hæfileika!
Atli hvefur nú frá og hann færði Helgu, sem tekur við skólastjórastöðu Listaskólans í haust, alla deildina á einu bretti :) Er þakklát fyrir þetta flotta starf í bæjarfélaginu okkar!!!
*28. maí*



**Ágúst Markússon**
Við unnum allavegan af þeim böndum sem fóru ekki á sviðið :)
*22. maí*



**Úlfhildur Geirsdóttir**
Kæra Stormsveit, Emma Íren Egilsdóttir og dásamlegir hljóðfæra leikarar bestu þakkir fyrir dásamlega tónleika í Guðríðarkirkju í gærkvöldi en það er eitthvað sem að maður hefur ekki upplifað í eitt og hálft ár.
Það er óhætt að segja að tónleikarnir hafi vakið upp bjartsýni og trú á að það sé til líf utan Covid og vonandi getur allt fèlags og kórastarf hafist með eðlilegum hætti næsta haust.
Bestu þakkir fyrir okkur. :)
*28. maí*



**Jógvan Hansen**
Mér finnst þetta rosaleg óþægilegt að vera ekki með grímu :) Mer liðir bara eins og krimmi.
*25. maí*

facebook


BílaGlerið
Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510
Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla
Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

Ökukennsla Lárusar
Gsm 7775200 akamos@simnet.is
Vespu-, bifhjóla-, og bílpróf
Annast akstursmat og sé um hæfnispróf fyrir þá sem hafa gleymt að endurnýja.

SG VERK
Öll almenn smíði
Fagleg og vönduð vinnubrögð.
Erum byrjaðir að bóka sólpalla fyrir sumarið.
Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu!
7799760 Sumarliði / Gísli 7799761

ARTPRO
PRENTÞJÓNUSTA
Bíldshöfða 14 | Reykjavík | s. 520 3200
www.artpro.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996

Sverrir Einarsson
ALÚÐ • VIRÐING
TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Frí Tjónaskoðun
SJÓVÁ TM VÍS vörður
GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI
Auðbrekku 27. Kópavogi
www.bilasprautun.is
554 2510

MÓTANDI
www.motandi.is

Öll almenn vörubíla- og kranaþjónusta
- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttuþjónusta og fl.

BJ VERK ehf.
Björn s: 892-3042

Viltu selja?
Hafðu samband
Svanþór Einarsson
Löggiltur fasteignasali
Fasteignasala Mosfellsbæjar
SÍMI: 586 8080
www.fastmos.is
Fasteignasala Mosfellsbæjar • Þverholti 2 • S. 586 8080 • www.fastmos.is

AFLTAK EHF.
S: 660 0770 - www.afltak.is

Þú finnur öll blöðin á netinu
WWW.MOSFELLINGUR.IS


Nýir Mosfellingar
Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is

VGH Mosfellsbæ
VERKTAKI SÍÐAN 1968
896-9443 896-2279
ÞAÐ SEM TIL ÞARF

## HEYRST HEFUR...

...að búið sé að fresta Kvennahlaupinu, sem jafnan fer fram í júní, fram á haust.

...að búið sé að sækja um stöðuleyfi fyrir pylsuvagn við hlið Hlín blómahúss.

...að Mosfellingur Elín Anna skipi 3. sæti á lista Viðreisnar fyrir Alþingiskosningarnar í haust.

...að búið sé að ráða Jónu Benediktsdóttur sem skólastjóra Varmárskóla og tekur hún við af Önnu Gretu sem sinnt hefur starfinu síðustu tvö ár.

...að Álafosshlaupið verði haldið laugardaginn 12. júní og fagni 100 ára afmæli í ár.

...að Biggi Haralds og Creedence-bandið verði á Barion 12. júní.

...að Nettó opni í Sunnukrika, neðst í Krikahverfi, á föstudag

...að Tryggvi Blumenstein vilji opna stríðsminjasafn í Mosfellsbæ.

...að Magnús Þór úr hljómsveitinni Piparkorn hafi verið valinn hljómborðsleikari Músíktilrauna.

...að tónlistarmaðurinn Aron Can hafi verið meðal útskriftarnemenda í FMOS í síðustu viku.

...að Markholtsættin sé að skipuleggja ættarmót í Sælingsdal í sumar.

...að Agnes á Pílus eigi afmæli í dag.

...að árgangamót Aftureldingar í fótbolta fari fram í Fellinu á laugardaginn.

...að Thelma og Árni Magg hafi gift sig á dögunum og eigi von á barni.

...að tvíburabræðurnir Örvar og Ævar hafi fagnað sextugsafmælum sínum á dögunum.

...að Balli málari og Þyrí ætli að gifta sig í sumar.

...að stelpurnar tróni á toppi Lengjudeildarinnar í fótbolta.

...að nú sé hægt að panta sér mat á 9. holu á Hlíðavelli með nýrri lausn frá Dineout.is.

...að Sindri og Fríða hafi eignast stelpu á dögunum.

...að Mosfellingurinn Halldór Ívar hafi verið valinn söngvari Músíktilrauna 2021.

...að sumarblómasalan sé farin af stað í Dalsgarði.

...að handknattleiksmaðurinn Árni Bragi hafi verið valinn leikmaður ársins af Seinni Bylgjunni en hann gengur nú til liðs við Aftureldingu.

...að rafhlaupahjólin frá OSS sem tekin voru í gagnið í vetur séu nú hvergi sjáanleg í bæjarfélaginu.

...að sr. Sigurður Rúnar láti senn af störfum í Mosfellsprestakalli.

...að Bjartmar Guðlaugs verði á Barion daginn fyrir 17. júní.

...að það verði grannaslagur í Lengjudeildinni á föstudaginn þegar Fjölnir mætir strákunum á Fagverksvelli.

mosfellingur@mosfellingur.is

## Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



**Ronja Björk Storgaard fæddist í Kaupmannahöfn 25. mars heilir 51 cm og 3,3 kg. Foreldrar hennar eru Auður Agla Bergsteinsdóttir og Oliver Storgaard en fyrir eiga þau soninn Kristján Noah Storgaard sem verður 3 ára í júlí.**


JAKO
SPORT ÍSLANDI

AFTURELDINGAR VÖRURNAR FÁST HJÁ OKKUR

NAMO EHF. - SMIÐJUVEGI 74 (GUL GATA) - 200 KÓPAVOGI
Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is


# Í eldhúsinu
HJÁ GUÐRÚNU OG JÓA

## Sushi veisla



Guðrún Helgadóttir og Jóhann Benediktsson fengu áskorun að deila með okkur uppskrift. Þau eru mjög dugleg að prófa nýjar uppskriftir sem þau finna á hinum ýmsu miðlum. Hins vegar er Guðrún með smá athyglisbrest þannig að það er nánast ómögulegt að finna aftur góðu uppskriftirnar. Þess vegna er hver réttur oftast bara eldaður einu sinni á lífsleiðinni. Þau eru samt búin að finna skothelda leið að hinu fullkomna matarboði. Hér kemur þeirra uppskrift að góðu kvöldi með vinum.

**Matarboð fyrir 8:**

• Panta sushi fyrir hópinn :)

Það er alveg óþarfi að flækja lífið og t.d. Tokyo sushi býður upp á tilbúna veislupakka sem eru mjög góðir. Við mælum með að taka tvo lúxus veislubakka (120 bitar). Einnig kaupa ca 4 skálar af Edamame baunum með kristalsalti en þær eru ómissandi með sushi.

**Lúxus veislubakki inniheldur:**

• Maki: Surf og Turf, Red Dragon, Spider roll, Regnbogamaki, avókadó-kryddjurta hoso, laxa-hoso

• Nigiri: Lax, lax og avókadó, nýmóðins túnfisk, sterkt túnfisk nigiri, rækju nigiri og laxa-belly.

**Undirbúningur:**

Kaupa Prosecco eftir þörfum og kæla vel. Panta sushi tímanlega og sækja það þegar styttist í boðið. Raða bitunum fallega á bakka, setja baunirnar í skálar, leggja á borð og kveikja á kertum. Svo er bara að hlæja saman og njóta eftir afslappaðan undirbúning.

*Verði ykkur að góðu!*

**Guðrúnu og Jói Ben skora á Hrönn Helgadóttur og Davíð Ólafs að deila næstu uppskrift**

# STÓR SKREF

*Á síðustu árum hafa verið tekin stór skref í því að efla íþróttaaðstöðu í Mosfellsbæ. Það má segja að bylting hafi orðið í aðstöðu hjá öllum deildum Aftureldingar, á einn veg eða annan. Margt af þessu var þó löngu tímabært, ef við miðum okkur við sveitarfélögin í kring. En vel að verki staðið, engu að síður.*

Mér er minnisstæð saga sem Tryggvi Hjaltason, greinandi hjá CCP, sagði þegar við héldum báðir erindi á málþingi í tilefni af 100 ára afmæli Vestmannaeyjakaupstaðar. Þar var rætt um tækifæri og framtíðarsýn og Tryggvi rifjaði upp þegar bærinn ákvað að nýta gömlu fiskiðjuna sem æfingahúsnæði fyrir hljómsveitir.

Eyjarnar fóru úr því að eiga 1 hljómsveit í 15 á einu ári. Ég man ekki nákvæmu töluna, en þið skiljið punktinn. Þetta er nefnilega frábær punktur hjá Tryggva; aðstaða skapar árangur. Auðvitað er aðstaðan ein og sér ekki nóg. Það þarf metnað og drifkraft, mannauð.

Afturelding hefur að mínu viti alla burði til að vera framúrskarandi íþróttafélag. Félag sem keppir á meðal þeirra bestu á öllum sviðum. Við erum ungt og hratt stækkandi bæjarfélag sem hefur einkennst af samstöðu og fórnfýsi.

En þessir eiginleikar, þessi menning, er ekki eitthvað sem verður til og lifir af sjálfu sér. Það þarf að rækta hana, kortleggja, skilgreina og viðhalda. Sérstaklega í ört stækkandi bæjarfélagi.

Það eru nauðsynleg skref eftir í uppbyggingu íþróttaaðstöðu á komandi árum, þrátt fyrir þau stóru sem hafa verið tekin. En áherslan má ekki bara vera þar.

Samhliða þeim þarf Mosfellsbær og Afturelding að taka höndum saman um að styrkja það sem er ekki síður mikilvægt; mannauðinn. Þjónustuna við sjálfboðaliðana sem eru hryggjarstykkið. Þjónustu við starfsfólkið, þjálfarana og þannig okkar mikilvægasta fólk; iðkendurna.

Með þeirri nálgun, og þeirri frábæru aðstöðu sem er að byggjast upp, tryggjum við sess á meðal þeirra bestu.



ÁSGEIR JÓNSSON


Mosfellsbakari.is
Háholt 13-15
Háaleitisbraut 58-60
MOSFELLSBAKARÍ

# SMÁ AUGLÝSINGAR

**Stríðsmunir**
Óska eftir munum frá stríðsárunum tengdum Mosfellssveit www.fbi.is sími 8225344. Tryggvi.



**Nudd**
Bjóðum upp á svæðanudd - fótanudd á sanngjörnu verði. Léttir fyrir allan líkamann og til að slaka á, veljið ilmkjarnaolíu fyrir proseager. Pantið tíma í síma: 8227750 (Lenka)

**Smáauglýsingarnar eru fríar fyrir einstaklinga**
*mosfellingur@mosfellingur.is*

**ÞÚ GETUR AUGLÝST FRÍTT**
(...allt að 50 orð)

**Sendu okkur þína smáauglýsingu í gegnum tölvupóst:**
*mosfellingur@mosfellingur.is*

WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS



**NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT**
**24. JÚNÍ**

*Blaðinu er dreift frítt í öll hús í Mosfellsbæ.*

Skilafrestur efnis/auglýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

## ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA – VERSLUM Í HEIMABYGGÐ


MG Lögmenn ehf.
Öll almenn lögfræðiþjónusta
Innheimtur
Sala fasteigna
Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

ökukennsla HREIÐARS
8201616
ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

Sjúkraþjálfun & Sjúkranudd
HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR
Urðarholt 4 Mosfellsbær
Sími 578 5080

BH BÍLAVIÐGERÐIR BÍLHÚSIÐ
www.bilhusid.is
Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir, smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.
Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

MALBIKSTÖÐIN

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu
*Útvega allt jarðefni*
VÖRUBÍLL Þ.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142





FHS
HJÁLMAR GUÐMUNDSSON
LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI
S:6959922
FHSVERK@GMAIL.COM

*www.arioddsson.is*
ARI ODDSSON EHF
BYGGINGAVERKTAKI
*MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA*
*FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI*
Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

Bílapartar ehf
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659
Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

B. Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690
www.bmarkan.is

GLERTÆKNI ehf
Völuteigi 21
- gler í alla glugga -
S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS




**OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA**

**Lágafellslaug**
Virkir dagar: 06:30 - 21:30
Helgar: 08:00 - 19:00

**Varmárlaug**
Virkir dagar: 06:30-08:00 og 15:00-21:00
Laugard. kl. 08:00-17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00



# SPURNING TIL BÆJARBÚA

**Hvert er planið í sumar?**



**JÓN SKORRI:**
Hafa gaman.



**TORY LINN:**
Vinna og hafa gaman.



**ÞÓRIR ASPAR:**
Flytja.



**ÞÓRIR:**
Búa til stuttmynd.



**ÍSAK:**
Njóta.



**GUÐBJÖRG:** Nú skal ferðast um landið á Volvonum með tjaldvagninn.

# Fylgdu okkur á Instagram...

@MOSFELLINGUR




# HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Skjaldborgin



Helgafells-heimsmeistarinn



Í hnapphelduna



Áfangasigur



Stúdínur með hvítan koll



Doktorarnir í Kjötbúðinni





Kóngarnir í elhúsinu




**HLJÓMSVEITIN EILÍF SJÁLFSFRÓUN LENTI Í 2. SÆTI Í MÚSÍKTILRAUNUM**

## TVÍFARAR



**Óli Hill**



**Gaur á Youtube**





**NÚ GETUR ÞÚ KOMIÐ Í LITUN SEM TEKUR AÐEINS 9 MÍNÚTUR**

Liturinn hentar aðallega í rót og fyrir þá sem vilja 100% lit. Fallegur glans, hylur 100% grátt hár og þarf aðeins 9 mínútur í bið.

Þú getur pantað tíma á netinu eða í gegnum NOONA appið.

**Sprey hárstofa óskar öllum gleðilegs sumars.**

Hárstofan Sprey
Sími 5176677
og á noona.is/sprey




Sunnukriki 3
566 7123

www.apotekarinn.is

Apótekarinn
Mosfellsbæ

# ÓSKA EFTIR EIGNUM

Vegna mikillar eftirspurnar eftir eignum í Mosfellsbæ óska ég eftir eignum á söluskrá



Ég aðstoða kaupendur í fasteignaviðskiptum þegar drauma eignin er fundin. Mæti að kostnaðarlausu með viðskiptavini að skoða eignina og veiti aðstoð í öllu ferlinu.

Hlakka til að heyra frá þér og ræða næstu skref.

Kristinn Sigurbjörnsson Löggiltur fasteignasali - Byggingafræðingur
Beinn sími: 560-5502 Netfang: kristinn@allt.is

Nýleg meðmæli:

Mæli eindregið með Kidda. Hann seldi fyrir mig. Mjög traustur og áreiðanlegur, fylginn sér og fullur af fróðleik með reynslu og þekkir mjög vel til byggingar og reglugerðar, var mér til halds og traust frá byrjun til enda frábær þjónusta. Fær 110 prósent meðmæli frá mér.

Kiddi fasteignasali starfar af áhuga á faginu og heillindum við sína viðskiptavini. Virkilega góð þjónusta og fagmannleg vinnubrögð.

ALLT
FASTEIGNASALA

www.allt.is Sími 560 5500

Fasteignasala Mosfellsbæjar
Sími: 586 8080
fastmos.is

# MOSFELLINGUR

WWW.MOSFELLINGUR.IS - MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

GK Snyrtistofa
Kjarna
Þverholti 2
Sími: 534 3424



## KREFJANDI ÞRAUTABRAUT

*Æfingastöðin Kettlebells Iceland á Engjavegi stóð fyrir þrautahlaupi um sveitir Mosfellsbæjar á dögunum. KB þrautin taldi 11 km og 30 fjölbreyttar þrautir. Uppselt var í hlaupið og tóku um 100 manns þátt í gleðinni. Þátttakendur komu þreyttir, drullugir og ánægðir í mark. Allur ágóði af hlaupinu rann til sumarbúða í Reykjadal.*

Myndir/Hilmar

Sæktu Landsbanka-appið
App Store
Google Play

Múlalundur
Glæsileg ritfangaverslun í Mosfellsbæ
- kíktu við, þá vinna allir!
MÚLALUNDUR
vinnustofa SÍBS
við Reykjalund, Mosfellsbæ
www.mulalundur.is

MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM


Pétur Pétursson
löggiltur fasteignasali
897-0047


Davíð Ólafsson
löggiltur fasteignasali
896-4732

Þjónusta við Mosfellinga í 30 ár

Háholt 14, 2. hæð
588 55 30
BERG FASTEIGNASALA

Litlikriki

Glæsilegt 437 fm einbýli með þremur aukaíbúðum á neðri hæð. Vel byggt hús á vinsælum stað. Fallegt útsýni til Esjunnar. Vandaðar innréttingar. Hiti í gólfum. Eikarparket og flísar á gólfum. Íbúðirnar á neðri hæð eru allar með sérinngangi. Húsið er byggt af eiganda þess.

Sumarhús við Krókatjörn

Afar vel staðsett 45 fm sumarhús við Krókatjörn í nágrenni Hafravatns. Stór eignarlóð, tæpir tveir hektarar. Húsið stendur alveg niður við vatnið við fallega vík. Skógarlundur umhverfis. Kalt vatn úr borholu.

Sumarhús við Sogið

Glæsilegt 169 fm heilsárshús á steyptum grunni. Skiptist í íbúðarhús á tveimur hæðum sem er 117,9 fm. Útihús með heitum potti og þvottahúsi inn af, 10,7 fm og bílskúr 40,4 fm. Allt mjög vandað með góðum innréttingum. Hiti í gólfum. Fallegt útsýni, kjarri vaxið land. **Verð 49,7 m.**

Laxatunga

Glæsilegt 182 fm raðhús á tveimur hæðum við Laxatungu. Allar innrétingar fyrsta flokks. Parket og flísar. Allt fullfrágengið. Innangengt í bílskúr. Sólpallur og góður bakgarður með skjólveggjum. **Verð 85,9 m.**

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 9-18 • NETFANG: BERG@BERG.IS • WWW.BERG.IS • BERG FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1989

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**

- Kosning fer fram á vefsíðunni kosning2021.mos.is
- Kosning Okkar Mosó er opin frá 31. maí til og með 6. júní 2021. Þátttaka er opin öllum sem verða 15 ára eða eldri á árinu 2021 og hafa lögheimili í Mosfellsbæ þegar kosningin fer fram.
- Hægt er að kjósa áfram hugmyndir fyrir að hámarki 35 milljónir sem varið er til verkefnisins.
- Kosning fer fram á vefsvæði þar sem íbúi auðkennir sig með öruggum hætti og verður atkvæði hans dulkóðað. Því er ekki hægt að tengja atkvæði við einstaklinga.
- Kjósandi getur kosið eins oft og hann vill meðan kosningin er opin, en hafa ber í huga að það er aðeins nýjasta atkvæðið (kosningin) sem gildir.
- Myndir sem fylgja hugmyndum á kosningasíðu eru ekki dæmi um endanlega útfærslu á framkvæmd.
- Staðsetning hugmynda getur tekið breytingum.
- Ekki er um að ræða íbúakosningu í skilningi 107. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138 frá 2011.
- Vakin er athygli á því að til að geta kosið þarf að vera með rafræn skilríki í síma eða íslykil.
- Allar nánari upplýsingar um auðkenni má nálgast á www.audkenni.is og um íslykil á www.island.is/islykill

## SVONA EINFALT ER AÐ KJÓSA

**1.** Þú ferð inn á **kosning2021.mos.is**.

**2.** Þú smellir á (+) við þá hugmynd sem þú vilt bæta við á atkvæðaseðilinn þinn. Atkvæðaseðill birtist efst á skjá. Samtals upphæð hugmynda má vera allt að **35 milljónir**. Kjósa má fyrir lægri upphæð. Hægt er að setja hjarta við eina hugmynd sem fær þá tvöfalt vægi.

**3.** Þú smellir á **KJÓSA!** hnappinn og auðkennir þig með rafrænum skilríkjum eða Íslykli.

**4. Staðfesting** er birt um að atkvæði þitt hafi verið móttekið.

Kjósendur geta sett **hjarta** við eina af þeim hugmyndum sem þeir kjósa og þannig gefið þeirri hugmynd tvöfalt vægi, tvö atkvæði í stað eins.

# OKKAR MOSÓ

***kosning2021.mos.is***



### Gosbrunnur á Stekkjarflöt

**3.000.000** +

*Gosbrunnur á Stekkjarflöt.*



### Jólagarður í Mosfellsbæ

**4.000.000** +

*Jólaskreyttur garður á Hlégarðstúni þar sem fólk getur átt góðar stundir.*



### Ærslabelgur í Hlíða- og Höfðahverfi

**3.500.000** +

*Ærslabelgur á opið svæði við Arnarhöfða.*



### Körfuboltavöllur við Varmárskóla

**4.500.000** +

*Fullbúinn körfuboltavöllur með mottuundirlagi og körfum í stað núverandi vallar.*



### Fjallahjólastígar í Mosfell og Úlfarsfell

**1.000.000** +

*Stikaðar fjallahjólaleiðir í Mosfelli og Úlfarsfelli.*



### Leik- og útivistarsvæði í Höfðahverfi

**7.000.000** +

*Klifurtæki, rólur, gormatæki og fallvörn á útivistarsvæðinu í Höfðahverfi.*



### Skógarstígar fyrir ofan Krikahverfi

**3.000.000** +

*Trjákurl borið í stíga og áningarstaður settur upp á stígnum.*



### Leiksvæði við Bröttuhlíð

**7.000.000** +

*Klifurtæki, rólur, gormatæki og fallvörn á útivistarsvæðinu við Bröttuhlíð.*



### Götulýsing í Reykjahverfi

**3.500.000** +

*Stígalýsing á göngustíg milli Reykjabyggðar og Dælustöðvarvegar.*



### Ný brú í Mosfellsdalinn

**5.000.000** +

*Ný og breiðari brú yfir Suðurá við Vindhól.*



### Áframhald á göngustíg

**2.500.000** +

*Göngustígur útbúinn milli Miðbæjartorgs og göngugötu (Kardemommubæjarins).*

Verkefni verða hönnuð, boðin út og framkvæmd frá júní 2021 og til september 2022 eftir umfangi verkefna.

Upplýsingum um framgang þeirra verður miðlað á vef Mosfellsbæjar.

Hægt er að senda inn fyrirspurnir og ábendingar á meðan kosningu stendur á mos@mos.is

Allar nánari upplýsingar um verkefnið Okkar Mosó 2021 ásamt leiðbeiningum og reglum kosninganna má nálgast www.mos.is/okkarmoso



### Úlfarsfell - Bera í og bæta gönguleiðir

**5.000.000** +

*Borið í stíga og endurbætur á gönguleiðum að Úlfarsfelli í Hamrahlíðarskógi.*



### Fræðsluskilti um sveitabýli sem farin eru undir byggð

**2.000.000** +

*Bjargarstaðir, Meltún, Blómvangur, Brúarhóll, Hamrafell, Lágahlíð, Hulduhólar og Sólvellir.*

**NÚ GETA UNGMENNI NIÐUR Í 15 ÁRA HAFT ÁHRIF MEÐ ÞVÍ AÐ KJÓSA**

**KJÓSUM ÖLL!**

OKKAR MOSÓ
ÍBÚAKOSNING 2021

< FLEIRI HUGMYNDIR

KOSNING2021.MOS.IS

# OKKAR MOSÓ

Okkar Mosó er samráðsverkefni íbúa og bæjarins um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til framkvæmda í nærumhverfi íbúa í Mosfellsbæ.

Verkefnið byggir á hugmyndum um umræðulýðræði, þátttökulýðræði og þátttökufjárhagsáætlunargerð - að virkja almenning til þátttöku í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku, umfram það sem gerist í hefðbundnu fulltrúalýðræði.

29 verkefni hafa verið valin í kosningu í Okkar Mosó 2021.

RAFRÆN KOSNING UM VERKEFNI TIL FRAMKVÆMDA FER FRAM DAGANA 31. MAÍ - 6. JÚNÍ.

**KJÓSUM ÖLL!**



HEILSUEFLANDI
samfélag